

Elstu börnin í leikskólanum

Tengsl leikskóla og grunnskóla

Leikskólar Reykjavíkur

2001

Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur	3
• Tengsl leikskóla og grunnskóla	4
• Aðalnámskrár.....	5
• Skólastefna kennarafélaganna	6
2. Þróunarstarf í leikskólum.....	7
• Leikurinn.....	9
• Lífsleikni	11
• Hreyfing....	12
• Málrækt.	14
• Myndsköpun.....	15
• Tónlist	16
• Náttúra og umhverfi	16
• Menning og samfélag	17
• Þróunarverkefni sem tengja skólastigin	19
• Samantekt.....	22
3. Könnun á starfinu með elstu börnunum í leikskólunum	23
4. Námskrár og starfshættir í leikskólum nágrannalanda	33
• Noregur	33
• Svíþjóð	36
• Danmörk.....	37
• Finnland	38
• Frakkland	39
• Skotland	41
• Bandaríkin.....	42
5. Niðurstöður	44
• Samantekt.....	44
• Tillögur og ábendingar.....	44
6. Heimildir og stuðningsrit	51
Tafla	55

1. kafli

Inngangur

Á fundi Leikskólaráðs Reykjavíkur þann 30. ágúst 2000 var samþykkt tillaga Kristínar Blöndal, formanns ráðsins, um að skipa starfshóp sem skoðar starfið með elstu börnunum í leikskólanum.

Verkefni hópsins var að gera úttekt á starfi elstu barnanna í leikskólum borgarinnar - skoða hvað verið var að gera og hvað hefur verið gert með sérstöku tilliti til þess hvernig brúa megi bilið milli leikskóla og grunnskóla enn frekar. Jafnframt að koma með hugmyndir um hvað sé æskilegt að börnin fái út úr sinni leikskóladvöl og hvað sé hægt að gera betur. Óskað var eftir tilnefningum í hópinn frá leikskólakennarabraut KHÍ og Félagi leikskólakennara, auk starfsmanns frá skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur. Hópin skipuðu:

Jóhanna Einarsdóttir, formaður, KHÍ,
Hrönn Pálmadóttir, KHÍ,
Anna Bára Pétursdóttir, FL,
Þröstur Brynjarsson, FL og
Margrét Vallý Jóhannsdóttir, starfsmaður hópsins, LR.

Til að skoða starf leikskóla borgarinnar, með tilliti til þess hvernig brúa megi bil skólastiganna tveggja, leikskóla og grunnskóla, kannaði starfshópurinn opinbera stefnumörkun um þessi mál. Þá var lögð könnun fyrir leikskólastjóra í leikskólum reknum af Leikskólum Reykjavíkur með það að markmiði að fá upplýsingar um hvernig tengslum við grunnskólana væri háttað og hvernig unnið væri með elstu börnum leikskólans. Farið var yfir þróunarverkefni sem hafa verið unnin í íslenskum leikskólum og til viðbótar kynnti starfshópurinn sér námskrár og starfshætti leikskóla nágrannalanda.

Tengsl leikskóla og grunnskóla

Þegar börn fara úr leikskólanum yfir í grunnskólann hafa hingað til orðið mikil umskipti í lífi þeirra. Þau koma í stærri hópa í grunnskólanum og kennsluaðferðirnar eru um margt ólíkar. Þessar tvær stofnanir, leikskóli og grunnskóli, byggja á ólíkri hefð. Leikskólinn hefur þróast frá því að vera skjól og athvarf fyrir börn fátækra foreldra til þess að vera fyrsta skólastigið í landinu. Þetta hefur gerst á tiltölulega skömmum tíma. Barnavinafélagið Sumargjöf stofnaði fyrstu barnaheimilin á 3. áratug 20. aldar og var tilgangurinn að stuðla að andlegri og líkamlegri heilbrigði og þroska barna í Reykjavík og vernda þau fyrir óhollum áhrifum eins og segir í lögum félagsins frá 1924. Meginmarkmiðið með rekstri fyrstu barnaheimilanna var að veita börnum hlýju og sjá til þess að þau fengju holla næringu og hreinlæti. Meginmarkmiðið með barnaskólakennslu var á hinn bóginn fyrst og fremst að börn yrðu læs og skrifandi.

Báðar stofnanirnar hafa breyst og þróast í áranna rás, en það er alveg ljóst að byggt er á ólíkri uppeldis- og kennslufræðilegri hefð. Þessi mismunandi hefð endurspeglast til dæmis í mismunandi orðaforða þessara skólastiga: Í leikskólanum er talað um börn, en í grunnskólanum er talað um nemendur. Í leikskólanum er talað um umönnun og uppeldi, en í grunnskólanum um kennslu. Í leikskólum er meginhugtakið leikur, en nám er meginhugtakið í grunnskólanum (Jóhanna Einarsdóttir, 1999).

Það virðist vera samkomulag um nauðsyn þess að brúa bilið milli þessara skólastiga. Í lögum og reglugerðum um leikskóla og grunnskóla er lögð áhersla á tengsl þessara skólastiga og í skólastefnu kennarafélaganna er fjallað um mikilvægi þeirra. Árið 1993 var hrundið af stað samstarfsverkefni um skólabyrjun á vegum norrænu ráðherranefndarinnar, *Skolestart i Norden*, þar sem lögð var áhersla á tengsl leikskóla og grunnskóla. Íslendingar áttu fulltrúa í nefndinni sem lauk störfum í lok árs 1996. Menntamálaráðuneytið hefur gefið út bækling um tengsl leikskóla og grunnskóla (Brúum bilið, 1997) og Kennaraháskólinn og Fósturskóli Íslands héldu sameiginleg námskeið fyrir leik- og grunnskólakennara sumurin 1994 og 1995, þar sem fjallað var um mikilvægi þess að brúa bil skólastiganna. Í nágrannalöndunum er þessi umræða einnig mjög í brennidepli.

Aðalnámskrár

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 og einnig í Aðalnámskrá grunnskóla frá sama ári er kveðið á um tengsl skólastiganna. Í lögum um leikskóla frá 1994 segir m.a.: „Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Í samræmi við lög og ósk foreldra annast hann uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu leikskólakennara“. Uppeldisstefna leikskóla er mótuð af menntamálaráðuneyti með útgáfu Aðalnámskrár leikskóla árið 1999. Samkvæmt 10. grein laga um leikskóla skal sveitarstjórn eða skólaskrifstofa stuðla að eðlilegum tengslum og samstarfi leik- og grunnskóla og vera samstarfsvettvangur þeirra í viðkomandi sveitarfélagi. Í 12. grein laga um grunnskóla frá 1995 er ákvæði svipaðs eðlis um að skólanefnd eigi að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla.

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 er kafli um tengsl leikskóla og grunnskóla. Þar er áhersla lögð á samstarf milli skólastiganna til að stuðla að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að barnið upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Mælt er með því að skólastjórar vinni saman og skipuleggi samstarf skólastiganna og beri ábyrgð á því. Lögð er áhersla á að leik- og grunnskólakennarar verði að þekkja vel til hugmynda og vinnubragða hverra annarra. Þeir þurfa að ræða saman og skiptast á skoðunum um börn, uppeldi, nám og kennslu og hvernig beri að skilgreina þær kröfur sem gera má til barna á mismunandi þroskaskeiðum.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 er kafli um tengsl leik- og grunnskóla. Í námskránni er stutt lýsing á starfi og hlutverki leikskólans. Þar er lögð áhersla á að leikskólinn búi börnin undir hina formlegu skólagöngu á ýmsan hátt. Þar segir einnig að ýmis viðfangsefni í leikskólum, sem tengjast íslensku, náttúruskoðun, tónlist, myndlist og hreyfingu, hafa gildi í sjálfu sér sem þroskandi glíma við daglegt líf og umhverfi, en stuðla jafnframt að undirbúningi undir formlegt nám grunnskólans. Ennfremur er lögð áhersla á að leik- og grunnskólar efli tengsl sín í milli og komi á sambandi og samstarfi leik- og grunnskólakennara. Þá segir að það sé hagur barnanna að leik- og grunnskólakennarar séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi beggja skólastiganna. Auk samvinnu skólastjóra og kennara í leikskóla

og grunnskóla er lögð áhersla á gagnkvæmar heimsóknir barnanna og samvinnu foreldrafélaga á báðum skólastigum.

Skólastefna kennarafélaganna

Í skólastefnum Kennarasambands Íslands og Félags leikskólakennara er lögð áhersla á tengsl leikskóla og grunnskóla. Í leikskólastefnu Félags leikskólakennara frá 2000 segir að FL leggi áherslu á að kennarar í leik- og grunnskólum kynni starf sitt og þá hugmyndafræði sem liggur að baki hvorir fyrir hinum og skilgreini þannig séreinkenni hvors skólastigs. FL telur mikilvægt að skólar sem mennta kennara stuðli að samstarfi milli leik- og grunnskóla og að sveitarfélög/skólaskrifstofur geri leik- og grunnskólakennurum kleift að starfa saman. FL telur að það eigi að vera samfella milli leik- og grunnskóla og að námskrár skólastiganna eigi að endurspegla hana.

Í skólastefnu Kennarasambands Íslands frá 1997 kemur fram að sambandið telur að vinna þurfi markvisst að betri tengingu leikskóla og grunnskóla. Þá kemur enn fremur fram að skólaskrifstofur eigi að stuðla að samstarfi milli skóla og skólastiga og eðlilegt sé að þær sinni leikskólum, grunnskólum og tónlistarskólum.

2. kafli

Þróunarstarf í leikskólum

Hér á eftir verður fjallað um starf með elstu börnunum í leikskólanum og gerð grein fyrir þróunarverkefnum sem unnin hafa verið í íslenskum leikskólum á undanförunum árum.

Þróunarsjóður Leikskóla Reykjavíkur var stofnaður 1990. Tilkoma sjóðsins var leikskólafólki mikil hvatning til þess að þróa faglegt starf í leikskólum borgarinnar. Alls hafa 26 þróunarverkefni fengið styrk úr sjóðnum síðan hann var stofnaður. Á vegum menntamálaráðuneytisins er svo og sjóður sem leikskólar geta sótt styrk til þróunarverkefna.

Starfshópurinn hefur haft skýrslur um þróunarverkefni sem unnin hafa verið á síðasta áratug í leikskólum í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi til athugunar og umfjöllunar. Tilgangurinn var að fá yfirsýn yfir það sem gert hefur verið, m.a. með það í huga að kanna hvort þróunarverkefnin séu til þess fallin að skapa samfellu í uppeldi og menntun barna. Enn fremur var tilgangurinn að athuga hvernig þau falla að námssviðum Aðalnámskrár leikskóla. Ekki er ætlunin að gera grein fyrir öllum þróunarverkefnunum og verður einungis fáum þeirra gerð stuttlega skil. Valin voru dæmi um verkefni sem tengjast námssviðum leikskólans, vinnu með elstu börnunum og samstarfi leikskóla og grunnskóla. Fjallað verður almennt um einkenni þróunarverkefnanna, markmið og niðurstöður og hvernig þau tengjast námssviðum leikskólans.

Eftirfarandi spurningar voru hafðar að leiðarljósi og verður leitast við að svara þeim hér:

1. Hvað einkennir þróunarverkefnin?
2. Eru verkefnin viðbót við það starf sem fyrir var í leikskólanum?
3. Hvernig tengjast verkefnin námssviðum leikskóla?
4. Fara verkefnin inn á námsefni og starfssvið grunnskólans?

Aðalnámskrá leikskóla (1999) byggir á barnhverfri hugmyndafræði þar sem þroski og þarfir barnsins er þungamiðja. Þar kemur fram að ekki eigi að

vera um beina kennslu að ræða, sem stefni að ákveðinni fræðilegri þekkingu, heldur skuli áhersla lögð á leik sem náms- og þroskaleið barnsins eða uppgötvunarnám. Sú áhersla sem fram kemur í Aðalnámskrá, að þroski barnsins fremur en námsgreinar séu í brennidepli leikskólans, birtist einnig í umfjöllun um námssvið leikskólans í námskránni. Námssvið leikskólans eru: hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Litið er á þau sem áhersluþætti í leikskólauppeldi. Jafnframt kemur fram að námssviðin skarast og að þau séu samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennt lífsleikni.

Þróunarverkefnin, sem unnin hafa verið í íslenskum leikskólum undanfarinn áratug, eru um margt athyglisverð. Þau falla vel að námskránni sem segir að námssviðin skarast og að þeim sé ætlað að vera áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þrátt fyrir að í þróunarverkefnunum birtist mismunandi áherslur eiga þau það sameiginlegt að áhugi og geta barnanna ræður ferð í framkvæmdinni. Verkefnin einkennast af því að forsendum barna til náms er mætt og verkefnin eru fléttuð daglegu starfi leikskólans. Eðlileg samþætting námssviða og annarra undirstöðuþátta leikskólastarfsins, s.s. leik, umönnunar og lífsleikni, á sér stað í verkefnunum.

Ferill flestra þróunarverkefnanna var skráður og voru þau metin jafnt og þétt ásamt því að mat fór fram í lok verkefnis. Í mörgum verkefnanna eru foreldrar barnanna einnig inntir eftir því hvernig þeim hafi þótt til takast. Auk þess hafa verið lagðar viðhorfskannanir fyrir foreldra við undirbúning og mat verkefna.

Þróunarverkefnin eru viðbót við það starf sem fram fer í leikskólanum að því leyti að unnið er á markvissari hátt með ákveðin viðfangsefni eða námssvið, hvað snertir undirbúning, eftirfylgd og mat. Leiðirnar sem eru farnar byggjast yfirleitt á hefðbundinni leikskólanálgun. Í flestum þróunarverkefnunum var barnahópnum skipt niður í fámennari hópa, þar sem tekið var mið af aldri og þroska barnanna. Elstu börnin voru því oft saman í hópi og unnu að sérstökum viðfangsefnum, en fá þróunarverkefni miðuðust eingöngu við elstu börnin. Þrjú verkefni fjölluðu um samstarf milli skólastiganna.

Hér á eftir verða nokkur þróunarverkefni kynnt og gerð grein fyrir tengslum þeirra við leik, lífsleikni og námssvið Aðalnámskrár leikskóla.

Leikurinn

Í Aðalnámskránni segir að leikur sé ríkjandi athöfn og lífstjáning barnsins. Leikurinn sé mikilvæg náms- og þroskaleið þess og eigi að vera hornsteinn leikskólastarfsins (Aðalnámskrá leikskóla, 1999). Eftirfarandi þrjú verkefni einkennast af því að unnið er í gegnum leik að ákveðnum námssviðum, s.s. ritmáli og stærðfræði.

Leikur og leikuppeldi

Þróunarverkefnið *Leikur og leikuppeldi* er dæmi um verkefni þar sem sérstök rækt er lögð við sjálfsprottinn leik barnsins. Verkefnið var unnið á leikskólanum Mýri árin 1991-1993. Verkefnisstjóri var Valborg Sigurðardóttir. Nokkur verkefnanna sem unnin voru voru eingöngu miðuð við elstu börnin í Mýri (Þróunarverkefnið Leikur og leikuppeldi, 1993).

Markmiðið með verkefninu var að:

- kynnast sem best leikjum barna, bæði sjálfsprottum og skipulögðum.
- öðlast dýpri og víðtækari skilning á leikjum barna og gildi þeirra fyrir börnin.
- auka gæði leikja og nýta þá á skipulegan hátt sem eðlilega náms- og þroskaleið undir leiðsögn leikskólakennara.
- stuðla að sjálfsnámi barna gegnum leik og undirbúa þau þannig undir lífið.

Athyglinni var aðallega beint að þrenns konar leikjum barna og var gögnum safnað um þá. Leikirnir voru: þykjustu- og hlutverkaleikir, byggingaleikir og hefðbundnir leikir með leikreglum.

Helstu niðurstöður um byggingaleik:

- Nærvera starfsfólks í byggingaleiknum hafði áhrif á samskipti barnanna, hegðun og á gæði leiksins.
- Í byggingaleiknum ríkti leikgleði, börnin söngluðu gjarnan við leik sinn.
- Börnin sýndu mikla samhjálp og samvinnu.

- Tjáskipti voru mikil í leiknum, bæði í orðum og með athöfnum.
- Samskiptahættir barnanna einkenndust af tillitssemi og virðingu.
- Kubbarnir ýttu undir sjálfsnám. Börnin lærðu af reynslunni og kubbarnir örvuðu rökhugsun þeirra.
- Börnin tileinkuðu sér undirstöðuatriði stærðfræðinnar með því að fást við og handleika mismunandi stærð og lögun kubbanna.
- Persónuleiki barnanna virtist endurspeglast í byggingunum.
- Leiðtogar voru áberandi í byggingaleiknum eins og í hlutverkaleiknum, en ekki endilega sömu börnin á báðum stöðum.
- Kubbarnir gáfu börnum tækifæri til að leika einsömul.

Leikur og ritmál

Þróunarverkefnið *Leikur og ritmál* var unnið árin 1993-1995 í leikskólunum Laugaborg og Hlíðaborg. Verkefnisstjóri var Jóhanna Einarsdóttir (Jóhanna Einarsdóttir, 1995).

Markmiðið með verkefninu var að:

- bjóða upp á þroskandi og hvetjandi viðfangsefni fyrir elstu börnin í leikskólanum.
- gera ritmálið sýnilegra í leikskólanum.
- styrkja stöðu leiksins með því að fá skýrari mynd af tengslum hlutverkaleiksins við ritmálið.

Niðurstöður

Við mat á verkefninu kom fram að áhugi barnanna á lestri og bókum jókst mjög á tímabilinu. Einnig kom fram í viðtölum við foreldra að þeir voru mjög ánægðir með verkefnið og töldu börnin hafa fengið viðfangsefni við hæfi. Verkefnið hefði haft jákvæð áhrif á börn þeirra og þau hefðu verið mjög ánægð með leikskólagönguna.

Leikurinn á vísdom veit

Verkefnið *Leikurinn á vísdom veit* var unnið á árunum 1989-1991 í leikskólanum Hálsaborg. Verkefnisstjóri með elstu börnunum var Selma Dóra Þorsteinsdóttir (Selma Dóra Þorsteinsdóttir, 1993).

Viðfangsefnin voru:

- að gera úttekt á starfinu með elstu börnunum (5 ára) og heildarskipulagi

leikskólans.

- að skoða nokkra þætti sem áhrif gætu haft á leikgleði elstu barnanna.
- að skoða hvað hefur áhrif á áhugahvöt barnanna og hvað heldur henni gangandi.
- að skoða hvort ólík þemu hafa mismunandi áhrif á vinnu- og leikgleði þeirra.
- að finna einhverjar vísbendingar um uppeldis- og kennslufræðileg áhrif á börnin, þ.e. mismunandi vinnuaðferðir fyrr og nú.
- að fá vitneskju um hvort og hvernig vinnuaðferðir leikskólakennara hafa sýnileg áhrif á hugsanir og gerðir barnanna.
- skoða viðhorf og væntingar barna, starfsfólks og foreldra til leikskólauppeldisins í Hálsaborg.
- að greina og meta hvers konar uppeldis- og kennslugögn nýtast best í leik og starfi með elstu börnunum (hér er átt við fyrir utan þau hefðbundnu leikföng sem almennt eru keypt inn í leikskólana).
- að leggja mat á fjölda barna í hópi (en þetta atriði hefur verið í skoðun síðan 1987).

Niðurstöður:

- Áherslum var breytt í starfi leikskólans.
- Starfsmannahópurinn varð meðvitaðri sem er grundvöllur að góðu leikuppeldi.
- Þarfir fimm ára barna voru hafðar að leiðarljósi.
- Leikskilyrði barnanna urðu betri og það skapaðist lengri samfelldur tími til leikja.
- Mannauður nýttist betur þegar starfsfólk fékk tækifæri til að vinna á sínu áhugasviði.
- Sjálfsákvörðunarréttur barnanna var virtur.
- Sá efniviður og þau kennslugögn sem nýttust best í starfinu með 5 ára börnunum var það sem fangaði huga þeirra hverju sinni - kennslugögn þar sem börnin fengu tækifæri til að uppgötva, upplifa, þreifa, sjá og finna.
- Æskileg hópastærð var talin vera 7-9 börn.

Lífsleikni

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að lífsleikni byggist á alhliða þroska barnsins og færni þess til að takast á við áskoranir daglegs lífs. Leikskólanum ber að efla lífsleikni barna með því m.a. að rækta ýmsa þroskaþætti þeirra. Þættir, s.s. samskipti, virðing, umburðarlyndi, rökleg hugsun og það að þekkja sinn innri mann ásamt því að styrkja sjálfstraust sitt, eru undirstöðuþættir lífsleikninnar.

Heimspeki með börnum

Þróunarverkefnið *Heimspeki með börnum* var unnið í leikskólanum Foldaborg árin 1994-1996. Verkefnisstjóri var Sigurður Björnsson og leikskólastjóri var Ingibjörg Sigþórsdóttir (Ingibjörg Sigþórsdóttir og Sigurður Björnsson, 1996).

Markmiðið með verkefninu var:

- að stuðla að bættum samskiptum barnanna.
- að efla skilning barnanna á sjálfum sér og hugsun sinni.
- að efla hjá börnunum virðingu fyrir öðrum og skoðunum annarra.
- að efla skapandi og gagnrýna hugsun barnanna.

Meginmarkmið heimspekilegrar samræðu með börnum er að gera hugsun þeirra sjálfstæðari. Í heimspekilegri samræðu er rökvísi hornsteinn og þar lærir fólk að færa rök fyrir skoðunum sínum. Hugmyndir Matthews Lipmans voru notaðar, en hugmyndir hans um gagnrýna og skapandi hugsun, merkingu, frelsi og aga, sjálfskilning og lýðræði eiga sér djúpar rætur hjá John Dewey og bandarískum pragmatisma.

Meðan á verkefninu stóð var fylgst með starfinu og hvort tveggja metið, árangur starfsmanna í kennslu og hæfni barnanna í gagnrýnni hugsun.

Hreyfing

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að öll hreyfing stuðli að andlegri og líkamlegri vellíðan barna. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, úthald, snerpu og þol barnsins. Í hreyfingu lærir barn á líkama sinn, samhæfingu hreyfinga, jafnvægi, færni, ýmis hugtök og að átta sig á rými, fjarlægðum og áttum.

Með gleði í hjarta

Þróunarverkefnið *Með gleði í hjarta* var unnið í leikskólanum Vesturkoti í Hafnarfirði frá ágúst 1995 til maí 1997. Unnið var með hreyfingu leikskólabarna (Laufey Einarsdóttir, 1997).

Meginmarkmið verkefnisins var að:

- fullægja hreyfiþörf barnsins.
- efla hreyfiþroska sem undirstöðu alhliða þroska auk líkamsvitundar og stuðla þannig að vellíðan og hreyfigetu barnsins.

Undirmarkmið:

- Efla jákvæða sjálfsmynd barnsins með aukinni hreyfigetu, kjarki og þori.
- Efla úthald og snerpu barnsins.
- Efla félagsþroska með samvinnu, tillitssemi og „vinavæðingu“.
- Efla hugtakaskilning og líkamsvitund með markvissri hugtakanotkun.
- Að barnið öðlist færni til að hlusta eftir skilaboðum og fylgi þeim eftir – agi.
- Að virkja frumkvæði barnsins og áhuga til hreyfingar.
- Að barnið fái útrás fyrir sköpunargleði sína á sínum eigin forsendum gegnum leik, tjáningu, tónlist og fleira.
- Að hreyfing verði sjálfsagður hluti af lífi barnsins sem stuðlar að hreysti og heilbrigði.
- Að barnið öðlist skilning á mikilvægi hreyfingar og finni þá vellíðan sem fylgir reglulegri hreyfingu.
- Að vekja barnið til umhugsunar um hollt matarræði.
- Að virkja leikgleði hins fullorðna í leik og starfi svo að börnin hafi sem besta fyrirmynd.
- Að stuðla að jákvæðri hvatningu í leik og starfi.
- Að barnið læri að virða umhverfi sitt og þau hjálpartæki sem það notar.
- Að foreldrar verði meðvitaðir um mikilvægi hreyfingar barna sinna.

Könnun meðal starfsmanna var gerð í lok verkefnisins um framfarir. Þar kom eftirfarandi fram:

- Aukinn kjarkur.
- Sjaldnar heyrðust setningar eins og „ég get ekki“.
- Fylgni á milli líkamlegrar getu og annarra þroskapáttá, t.d. fínhreyfinga.
- Aukin þolinmæði. Einstaklingar áttu auðveldara með að bíða í röð.
- Mikil aukning á þoli. Kvartanir um þreytu voru mun fátíðari í göngutúrum t.a.m.
- Börnin urðu meðvitaðri um að vera dugleg við að styrkja hjartað sitt, „gleðja hjartað svo að hjartað verði sterkt“.
- Börnin stungu sjálf upp á að fara í hreyfivinnustund.
- Þau börn sem höfðu verið lengur í leikskólanum voru í betra líkamlegu ástandi.
- Hreyfivinnustundir voru mjög góðar fyrir einstaklinga með sérþarfir, þær sameina hópinn og öllum finnst skemmtilegt.

Helstu niðurstöður voru:

- Starfsfólk taldi sig hafa náð settum markmiðum.
- Börnin bættu sig til muna í líkamlegri getu sem leiddi til betri sjálfsmyndar og meiri kjarks.
- Líkamsvitund og hugtakaskilningur jókst ásamt færni til að fara eftir munnlegum skilaboðum.
- Skýrast kom fram áhugi barnanna fyrir hreyfingu og hvernig þau skiluðu umræðunni um hreyfingu og hollustu inn á heimili sín.

Málrækt

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að tungumálið sé mikilvægasta tæki manna til boðskipta og snar þáttur í menningu þjóða. Málrækt í formi samtala, krefjandi spurninga, með sögulestri, hvatningu til sögusagnar og kennslu ljóða og þula þarf að vera áhersluþáttur í starfi leikskólans.

Leggjum orð í belg

Þróunarverkefnið *Leggjum orð í belg* var unnið í leikskólanum Klettaborg 1998 - 2000. Umsjón með verkefninu höfðu Kolbrún Vigfúsdóttir leikskólaráðgjafi og Lilja Eypórsdóttir leikskólastjóri (Kolbrún Vigfúsdóttir og Lilja Eypórsdóttir, 2000).

Markmið verkefnisins var að:

- gera málfarslegt umhverfi barnanna í leikskólanum betra með áherslu á máltjáningu og málskilning.
- leggja megináherslu á að börnin noti málið.
- leggja áherslu á að verkefnið væri þáttur í öllu daglegu starfi leikskólans, í leik, við borðhald og í öllum samskiptum.
- leggja áherslu á að börnin töluðu í setningum en ekki í stuttum eins atkvæðis orðum og að börnin notuðu málið sín á milli til að leysa það sem að höndum bar, s.s. að leysa ágreining, uppfylla þarfir og að setja sér og öðrum mörk í samskiptum.

Þróaðar voru ákveðnar vinnuaðferðir hjá starfsmönnum leikskólans sem áttu að styrkja og efla málumhverfi skólans. Þær fólust m.a. í því að nota opnar spurningar í daglegum samskiptum, með samræðustundum fyrir elstu börnin og með því að tala um atburði dagsins við yngri börnin.

Myndsköpun

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að myndsköpun sé mikilvægur tjáningarmiðill og að skapandi myndgerð barna, s.s. teikningar, mótast m.a. af reynslu þeirra og uppvaxtarskilyrðum. Því er nauðsyn að leikskólinn bjóði börnum fjölbreyttar aðstæður og tækifæri. Börn eiga auðvelt með að tjá sínar tilfinningar í gegnum sköpun og sköpunarþörf þeirra er mikil og þarf megináhersla að vera lögð á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í alhliða þroska barna.

Tjáning, sköpun og umhverfi

Þróunarverkefnið *Tjáning, sköpun og umhverfi* hófst haustið 1998 í leikskólanum Sæborg. Verkefnisstjóri var Kristín Hildur Ólafsdóttir lektor í myndmennt við KHÍ. Leikskólastjóri var Soffía Þorsteinsdóttir (Kristín Hildur Ólafsdóttir og Gyða Sigurjónsdóttir, 2000).

Markmiðið með verkefninu er:

- að finna leiðir til að skapa umhverfi og aðstæður sem virkja sköpunarafl barna og starfsfólks leikskólans.
- að gefa barninu tækifæri til að tjá og túlka hug sinn og þekkingu á skapandi hátt.
- að tjáning og túlkun í myndlist og tónlist verði virkur hluti daglegs starfs.
- að leita leiða til að samhæfa uppeldisstefnu leikskólans, þannig að allt starfsfólk leikskólans vinni að sama marki.
- að móta starf leikskólans eftir þeim aðstæðum og umhverfi sem við búum við.
- að vekja foreldra til umhugsunar um sköpun og skapandi starf með börnum.

Til að ná settu marki var uppeldisstefna „Reggio Emilia“ höfð að leiðarljósi. Sú nálgun sem hefur verið valin til að vinna út frá er könnunaraðferð (Project Approach) sem fellur vel að námssviðum leikskólans og einnig grunnskólans.

Tónlist

Í Aðalnámskránni kemur fram að börn í leikskóla eigi að hafa ríkuleg tækifæri til tónlistariðkunar og að fá að njóta hennar. Ennfremur segir þar að stuðla beri að því að börnin þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjandi ásamt frjálsri túlkun og skapandi tjáningu.

Tónlistaruppeldi í leikskóla

Þróunarverkefnið *Tónlistaruppeldi í leikskóla* var unnið var í leikskólanum Vesturborg árið 1989-1990 og var verkefnisstjóri Sigríður Pálmadóttir (Sigríður Pálmadóttir, 1990).

Markmiðið með verkefninu var:

- að leita leiða hvernig nota mætti tónlist sem náms- og þroskaleið.
- að efla alhliða þroska barnsins.
- að styrkja tónlistarhæfileika (upplag) barnsins og virkja það sem skapandi einstakling.
- að barnið fengi tækifæri til sjálfstæðrar tjáningar.
- að barnið gæti nýtt reynslu sína til að takast á við ný og margbrotnari verkefni.

Niðurstöður:

Tónlistartímarnir voru nýbreytnistarf sem talið var hafa skilað miklum árangri. Leikskólakennararnir notuðu reynslu sína og fléttuðu tónlistina markvisst inn í uppeldisstarfið. Tónlistartímarnir reyndu á leikni barnanna við að hlusta, hreyfa sig, handfjatla, spila á hljóðfæri, syngja og tjá sig.

Náttúra og umhverfi

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að ákjósanlegt sé að skapa börnunum tækifæri og aðstöðu til tilrauna og athugana. Á þann hátt öðlist börnin smám saman skilning á náttúrunni og ýmsum fyrirbærum hennar.

Eðlisfræði í leikskóla

Þróunarverkefnið *Eðlisfræði í leikskóla* stóð yfir veturinn 1997-1998. Börnin voru á aldrinum 1-6 ára af tveimur leikskólum; Fálkaborg og Hálsakoti.

Verkefnisstjóri var Kristín Norðdahl.

Markmiðið með verkefninu var að prófa og þróa leiðir í eðlisfræðikennslu fyrir leikskólabörn (Jóhanna S. Guðjónsdóttir, Jónína Bjarnadóttir og Kristín Nordahl, 2000).

Helstu niðurstöður:

- Börnin lærðu margt um eðli og eiginleika þess sem þau voru að vinna með og öðluðust einnig ýmsa færni.
- Greinilegt var að stuðningur leikskólakennarans hafði mikil áhrif á það sem börnin gerðu og að hverju athygli þeirra beindist.
- Fram kom að mörg börn yfirfærðu þessa reynslu sína í aðrar aðstæður, urðu áhugasamari um að gera alls konar tilraunir og veittu hlutum betur athygli.
- Leikskólakennararnir öðluðust leikni í að spyrja spurninga sem ýttu undir að börn skoðuðu hug sinn og leituðu sjálf svara við spurningum sínum.
- Síðast en ekki síst, þá var augljóst að börnin höfðu mjög gaman af verkefnunum.

Menning og samfélag

Í Aðalnámskránni kemur fram að leikskólum beri að taka tillit til þess í starfi sínu og skólanámskrágerð að börn koma úr ólíkum fjölskyldum og eru af ólíku bergi brotin. Þar segir að efla beri tilfinningu barnanna fyrir því að þau tilheyri samfélaginu og séu hluti af því.

Börn foreldra af erlendum uppruna og íslenskan

Þróunarverkefnið *Börn foreldra af erlendum uppruna og íslenskan* var unnið í leikskólanum Nóa borg frá janúar til maí 2000. Verkefnisstjóri var Steinunn Birna Bjarnadóttir og sá hún einnig um framkvæmd þess (Steinunn Birna Bjarnadóttir, 2000).

Markmið

Markmið verkefnisins var að hjálpa hópi barna á sem bestan hátt að ná tökum á íslenskunni og komast þannig inn í barnahópinn, jafnframt því að styrkja þau í eigin menningu og máli.

Niðurstöður

Í upphafi var gerð athugun á getu barnanna og einnig í lok verkefnisins. Niðurstöður skýrslunnar eru byggðar á samanburði kannananna tveggja. Einnig var stuðst við athuganir á börnunum, en þær voru gerðar og skráðar vikulega. Af hópnum sem gerðar voru marktækar athuganir á höfðu flest börnin bætt sig verulega í íslenskunni. Aðeins eitt barn hafði ekki bætt sig milli kannana. Skýring á því var talin sú að það hafði dvalið í heimalandi foreldra sinna í millitíðinni. Að því frátöldu juku börnin getu sína um 8,76% að meðaltali. Þau börn sem bættu mestu við sig í seinni athuguninni voru börnin sem fengu fæst stig í fyrri athuguninni. Þau fengu einnig flesta sérkennslutíma. Í einstökum flokkum málsins var mesta aukningin í þekkingu á líkamsheitum og tilfinningaorðum. Börnin bættu minnstu við sig í því að þekkja andheiti og hugtök. Heildarniðurstöður eru þær að aukning í getu barnanna sýni fram á mikilvægi þess að koma þeim til hjálpar á leikskólastigi.

Margmenningarlegur leikskóli

Þróunarverkefnið *Margmenningarlegur leikskóli* var unnið í leikskólanum Árborg árin 1996-1997. Verkefnisstjóri var Hjördís Fenger. Sérstaklega var unnið með elstu börnin og var áhersla lögð á að undirbúa þau fyrir grunnskólann (Hjördís Fenger, 1997).

Markmið

Markmið verkefnisins var að skapa nýbúabörnunum í leikskólanum jafna stöðu á við innfædda með því að:

- leggja áherslu á móðurmál allra.
- gera menningu allra sýnilega.
- byggja upp markvissa íslenskukennslu.
- stuðla að samskiptum foreldra á jafnréttisgrundvelli.

Niðurstöður

Athuganirnar sem gerðar voru á tvítyngdu börnunum beindust aðallega að málskilningi, framförum í íslensku og samskiptum þeirra við önnur börn. Talið var að börnunum hefði almennt farið vel fram í málskilningi, en aðal framfarirnar voru í máltjáningu.

Þróunarverkefni sem tengja skólastigin

Þrjú þróunarverkefni hafa verið unnin sem miða sérstaklega að því að brúa bilið milli skólastiganna.

Í Aðalnámskránni er bent á mikilvægi þess að samstarf sé milli leikskóla og grunnskóla til þess að skapa samfellu milli uppelis og menntunar barnsins. Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að skólastjórnendur þessara skólastiga sameinist í skipulagningu slíks samstarfs og beri fulla ábyrgð á því. Þar segir einnig að kennarar þessara skólastiga kynni sér hugmyndir og vinnubrögð hverra annarra, skiptist á skoðunum um börn, uppelis, nám og kennslu, með m.a. kröfur til barna á mismunandi þroskaskeiði í huga.

Verkefni elstu barnanna í Hlíðarborg

Þróunarverkefni með elstu börnunum í Hlíðarborg í Reykjavík var unnið veturinn 1990–1991 (Guðný Egilsdóttir, án árs).

Markmið og leiðir í verkefnavinnunni voru:

- að efla félagsþroskann með því að vinna saman í hópi að krefjandi verkefnum - börnin læri að taka tillit hvert til annars.
- að efla einbeitingu, færni og úthald, með því að börnin læri að fara eftir fyrirmælum, vandi vinnu sína og fullvinni verk, hvort sem þau taka einn dag eða fleiri.
- að efla undirstöður lestrar- og stærðfræðináms, s.s. sjón, minni, greind, mál, tilfinninga-, líkams- og hreyfiþroska með ýmsum verkefnum.
- að efla sjálfsmynd og sjálfstraust barna þannig að þau læri að vera sátta við sjálf sig og geti komið fram fyrir stóra og litla hópa.
- að efla hugmyndaflug og sköpunarmátt með því að örva börn og gefa þeim tækifæri til að koma fram með hugmyndir og útfæra þær á fjölbreyttan hátt.

- að starfa með grunnskóla. Börnin fóru í eina heimsókn í grunnskóla í hverfinu og voru eina kennslustund.

Niðurstöður

Í mati á verkefninu kemur m.a. fram, að það sé vissa þeirra leikskólakennara sem komu að verkefninu, að hefðbundið leikskólastarf, þar sem hinn frjálsi leikur skipar öndvegi, sé það skólaskipulag sem fimm ára börnum nýtist best til náms og þroska. Til viðbótar telja skýrsluhöfundar að elstu börnum gagnist að vinna sérstök verkefni. Með þessum verkefnum sé unnið að því að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla.

Leikskólinn Hlíðarberg og Setbergsskóli

Leikskólinn Hlíðarberg og Setbergsskóli í Hafnarfirði unnu að sameiginlegu þróunarverkefni árin 1995-1997. Verkefnisstjóri var Sigurborg Kristjánsdóttir (Gunnhildur Grímsdóttir, Jónína Fjeldsted, Ólafía Guðmundsdóttir, Selma B. Jónsdóttir og Sigurborg Kristjánsdóttir, 1997).

Markmiðið var að:

- auðvelda leikskólakennurum að undirbúa nemendur undir grunnskólanám og jafnframt að gera grunnskólakennurum auðveldara að byggja á því sem nemendur höfðu lært.
- gera skólastigin samfelldari og auka gagnkvæman skilning og virðingu þeirra starfsstétta sem þar vinna.
- auðvelda flutning barna á milli leikskóla og grunnskóla. Skipulagt starf var fyrir elstu börnin og voru tveir grunnskólakennarar fengnir til aðstoðar til að útbúa málörvunarverkefni.

Markmiðin með skólahópi:

- að efla málvitund, auka orðaforða og leikni í að tjá sig á fjölbreyttan hátt.
- að börnin þjálfist í að vera saman og vinna í stórum hópi.
- að börnin læri vönduð og sjálfstæð vinnubrögð.
- að börnin læri að fylgja fyrirmælum.
- að börnin kynnist grunnskólastarfi með heimsóknum í fyrstu bekk grunnskólans.
- að vinna að þróun samstarfs við grunnskólann.

Niðurstöður

Almenn ánægja var með samstarf leikskólans og grunnskólans meðal foreldra, barna og kennara.

Sameiginleg sýn tveggja skólastiga

Þróunarverkefnið *Sameiginleg sýn tveggja skólastiga* var unnið í leik- og grunnskólum í Seljahverfi 1998 - 1999. Út er komin áfangaskýrsla en verkefninu er ekki að fullu lokið. Verkefnastjóri var Rannveig Auður Jóhannsdóttir (Rannveig Auður Jóhannsdóttir, 1999).

Markmið

Markmiðið var að finna farveg fyrir upplýsingastreymi skólastiganna tveggja og fá sameiginlega sýn og mat á þroska og færni barna á mótum leik- og grunnskóla.

Helstu viðfangsefnin voru:

- skilgreining á hugtökum sem notuð eru á hvoru skólastigi fyrir sig.
- að skoða og ræða störf kennara á hvoru skólastigi fyrir sig.
- að ræða mat á börnum við lok leikskóla og byrjun grunnskóla.
- að ræða um þroskaþætti og færni barna.

Þróunarverkefnið hefur leitt af sér að:

- heimsóknunum leikskólabarna í grunnskóla fjölgaði úr tveimur í þrjár.
- útbúið var heftið *Gengið yfir brúna* og unnið með það í samráði við foreldra leikskólabarna.
- innritun væntanlegra byrjenda í grunnskóla hverfisins hefur verið flýtt.

Samantekt

Eins og fram hefur komið hér að framan þá hafa þróunarverkefni leikskólanna verið mjög fjölbreytt og tengst öllum námssviðum leikskólans og öðrum þáttum leikskólastarfsins. Það nám sem á sér stað og lýst er í verkefnunum er góður undirbúningur fyrir lífið og áframhaldandi skólagöngu. Verkefnin gefa til kynna að rík hefð, reynsla og þekking sem byggir á fræðilegum grunni hefur skapast á undanförunum áratug innan leikskólans.

Unnið er samkvæmt þeim hefðum og þeim aðferðum sem einkennt hafa íslenskt leikskólastarf. Verkefnin eru lögð fyrir börnin á markvissan hátt út frá forsendum þeirra og leikurinn gjarnan notaður sem námsleið.

Í þróunarverkefnunum, sem hafa verið unnin í samvinnu leik- og grunnskóla, kemur meðal annars fram að markmið verkefna sé að auðvelda grunnskólakennurum að byggja á því sem börnin hafa lært í leikskóla og auka skilning kennara á starfi beggja skólastiga. Í einu verkefni er lögð áhersla á að finna farveg fyrir upplýsingastreymi, skilgreina hugtök og vinna með sameiginlega sýn á þroska og færni barna. Af markmiðum þessara verkefna má ætla að hér sé efniviður og reynsla sem vert sé að kynna betur sem grundvöll að árangursríku samstarfi.

Æskilegt er að sú reynsla sem sköpuð hefur verið með þróunarverkefnum af þessu tagi, megi verða undirstaða samstarfs milli skólastiga sem leiði til þess að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.

3. kafli


Könnun á starfinu með elstu börnunum í leikskólunum

Til að kanna hvernig vinnu með elstu börnunum í leikskólum Reykjavíkur er háttað, var sendur spurningalisti í tölvupósti til allra leikskólastjóra borgarinnar. Þátttakendum var gerð grein fyrir vinnu starfshópsins og markmiðum könnunarinnar. Af þeim 72 leikskólum sem bjóða upp á leikskóladvöl fyrir 5 ára börn svöruðu 54 eða 75%.

Spurningarnar í könnuninni voru flestar opnar eða hálfopnar. Spurt var hvort elstu börnum leikskólans væri boðið upp á sérstök viðfangsefni og ef svo væri hver markmið og áhersluþættir þeirra verkefna væru. Einnig var spurt um heiti á þessu starfi, hversu langan tíma á dag starfið tæki, hve oft í viku og hve mörg börn væru saman í hópi. Þátttakendur voru jafnframt spurðir um hvort leikskólinn hefði markvissa samvinnu við grunnskólann og ef svo væri í hverju það samstarf væri fólgið.


Eins og fram kemur á mynd 1 þá voru sérstök verkefni skipulögð fyrir elstu börnin í langflestum leikskólunum, eða í 51 leikskóla. Þrír svöruðu neitandi en tveir þeirra gátu þess að starfið með elstu börnunum væri hluti daglegs starfs sem ekki væri skilgreindur sérstaklega eða með sérstakt heiti.

Fjöldi leikskóla sem skipuleggja verkefni fyrir elstu börnin



Þegar spurt var um hvort starfið með elstu börnunum hefði sérstakt heiti þá svöruðu flestir að svo væri. Í sjö leikskólum hafði þetta starf þó ekkert sérstakt heiti. Starfið er oftast nefnt skólahópur (16) eða skólastundir (8) en önnur nöfn er tengdust skólaheitinu voru skólaleikur, skólaverkefni og skólastarf. Elstu barna verkefni, elstu börnin og starf með elstu börnunum var nefnt níu sinnum. Önnur heiti sem nefnd voru, voru m.a. vísdómsstarf, meistarastundir, öldungar, fimm ára hópur, vinnustund, vinnuhópur, hópavinna og verkefnastundir (mynd 2).

Mynd 2 - Heiti starfs



Markmið

Þegar leikskólastjórnir voru spurðir um markmiðin með starfi elstu barnahópanna voru svörin nokkuð fjölbreytt. Svörum má skipta í eftirfarandi sex meginflokkka:


- Undirbúa börnin fyrir grunnskólanámið.
- Þjálfa börnin í að vinna í hópi.
- Veita börnunum viðfangsefni við hæfi.
- Þjálfa vinnubrögð barnanna.
- Efla einbeitingu og úthald barnanna.
- Örva sköpun og virkni barnanna.

Langflestir leikskólastjórnanna nefndu að meginmarkmiðið með verkefnum elstu barnanna væri að undirbúa börnin fyrir grunnskólagönguna. Þetta markmið var t.d. orðað þannig að verið væri „að undirbúa börnin undir þá vinnu sem bíður þeirra í grunnskólanum“. Eða „að börnin fái ögrandi og erfiðari verkefni en yngri börnin, sem búa þau undir aðferðir grunnskólans“ og einn þátttakenda orðaði það þannig að verið væri að brúa bilið milli skólastiganna. Stór hópur svarenda nefndi það sem mikilvægt markmið með elstu barna verkefnunum að börnin læri að vinna í hópi barna. Að þau læri að vinna saman, að hlusta hvert á annað, tjá sig og bera virðingu fyrir skoðunum annarra. Margir þátttakendur nefndu einnig að markmiðið væri að koma til móts við þarfir elstu barnanna og bjóða þeim upp á verkefni við hæfi. Einnig nefndu nokkrir að markmiðið væri að þjálfa börnin í vinnubrögðum; að þau lærðu að vinna sjálfstætt, vanda sig, fylgja fyrirmælum og umgangast bækur og ritföng. Nokkrir þátttakenda nefndu sem markmið að efla einbeitingu og úthald og örva sköpun og tjáningu. Einungis einn leikskólastjóri nefndi að markmiðið með starfi elstu barnanna væri að bjóða upp á aðstæður til að leika sér.

Áhersluþættir

Leikskólastjórnarnir voru spurðir hverjir væru helstu áhersluþættir skipulagðs starfs með elstu börnunum. Þegar svörin voru flokkuð niður kom í ljós að flestir nefndu að megináhersla væri lögð á samvinnu, samskipti og tillitssemi. Einnig nefndu margir frumkvæði og sjálfstæði, úthald og einbeitingu og að fara eftir fyrirmælum. Jafnframt nefndu margir þátttakendur vinnu með námssvið leikskólans, svo sem málörvun og ritmál, umhverfið, skapandi starf, fín- og grófhreyfingar og stærðfræði og tilraunir. Önnur atriði, svo sem framkoma í hópi, þjálfun rökhugsunar, skipulögð vinnubrögð og tölvunotkun, voru einnig nefnd (mynd 3).


Mynd 3 - Áhersluþættir



Umfang


Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hve langan tíma á dag starfið með börnunum tæki og hversu oft í viku það væri. Mynd 4 sýnir að í flestum leikskólanna er unnið með elstu börnunum í sérstökum hópum einu sinni í viku, eða á 25 stöðum. Þrettán leikskólastjórar sögðu að starf með elstu börnunum væri tvisvar í viku, en á 10 stöðum er það oftar en tvisvar í viku. Einn þátttakandi svaraði ekki spurningunni.

Mynd 4 - Hve oft í viku ?



Mynd 5 sýnir að í flestum leikskólanna varir starfið með elstu börnunum í hálfa til eina klukkustund í senn, eða á 27 stöðum. Í tíu leikskólum er starfið í eina til tvær stundir í senn, fimm leikskólastjórar sögðu að starfið stæði í tvær til þrjár stundir í einu. Tveir sögðu að starfið með elstu börnunum væri allan daginn og aðrir tveir að það væri misjafnt hve langan tíma á dag unnið væri. Einn svaraði því að unnið væri með elstu börnunum í afmörkuðum hópum tvisvar á dag. Fimm þátttakendur svöruðu ekki spurningunni.


Mynd 5 - Hve langan tíma á dag tekur starfið ?



Hópastærðir

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir að gera grein fyrir fjölda barna í hópi þegar unnið væri með elstu börnunum sérstaklega. Eins og fram kemur á mynd 6 eru 8 – 10 barna hópar algengastir, eða í 26 leikskólum. Í ellefu leikskólum eru 5 – 7 börn saman í hópi og í fimm leikskólum mynda alls 11-13 börn hópinn. Fjórir leikskólastjórar svöruðu að 14 börn eða fleiri væru saman í þessum verkefnum.


Mynd 6 - Hve mörg börn saman í hópi ?



Samvinna við grunnskólann


Þátttakendur voru spurðir hvort leikskólinn hefði markvissa samvinnu við grunnskólann. Eins og fram kemur á mynd 7 skiptust svörin í tvennt. Tuttugu og sex svöruðu að leikskólinn hefði markvissa samvinnu við grunnskólann og 24 að því væri ekki á þann veg farið. Þrír voru í vafa og einn svaraði ekki spurningunni.

Mynd 7 - Markviss samvinna við grunnskóla



Þegar spurt var í hverju samstarfið við grunnskólann væri fólgið svaraði þorri þeirra, sem sögðu að um samstarf væri að ræða, að það væri fólgið í heimsóknnum í grunnskólann (17), gagnkvæmum heimsóknnum (3) eða heimsóknnum grunnskólabarna í leikskólann (6). Þrettán nefndu sameiginlega fundi. Einkum er um að ræða fundi þar sem óskað er eftir upplýsingum frá leikskólunum um börnin. Þrír nefndu að samstarf færi fram gegnum sameiginlegt þróunarverkefni um tengsl leikskólans og grunnskóla. Þrír nefndu heimsóknir grunnskólakennara til elstu barna leikskólans og tveir nefndu heimsóknir skólastjóra grunnskólans á foreldrafundi leikskólans. Þá nefndu þrír að leikskólabörnin hefðu afnot af leikfimisal grunnskólans (mynd 8).

Mynd 8 - Í hverju felst samstarfið ?



Samantekt

Könnunin leiðir í ljós að í allflestum leikskólum Reykjavíkur fer fram afmarkað starf með elstu börnunum. Markmiðið með starfinu er í flestum tilfellum að undirbúa börnin fyrir grunnskólanámið, þjálfa börnin í vinnubrögðum, að vinna í hóp og að efla sköpun, virkni og einbeitingu. Þegar áhersluþættirnir eru skoðaðir kemur í ljós að þeim má skipta nokkurn veginn í tvennt. Annars vegar má skilgreina áhersluþætti innan námssviða Aðalnámskrár og hins vegar áhersluþætti sem falla undir lífsleikni. Það má því draga þá ályktun að leikskólarnir uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt Aðalnámskrá.

Fram kemur að yfirleitt eru ekki fleiri en tíu börn saman í hóp í þessari vinnu. Hópastarfið er hins vegar ekki stór þáttur í leikskólastarfinu. Á flestum stöðum er það einungis einu sinni eða tvisvar í viku og varir frá hálfri klukkustund upp í tvær stundir samfelld. Einungis í átta tilvikum er starfið skipulagt fjórum eða fimm sinnum í viku.

Athygli vekur að í einungis tæpum helming leikskólanna á sér stað markviss samvinna við grunnskóla. Þetta er umhugsunarvert miðað við umræðu undanfarinna ára um mikilvægi samvinnu skólastiganna og þeirrar staðreyndar að í aðalnámskrám er kveðið á um samstarf þeirra. Heimsóknir barnanna voru algengasta leiðin. Það vekur athygli að í mörgum tilfellum þegar um samstarf er að ræða, þá er það í formi funda þar sem einkum er lögð áhersla á að veita grunnskólunum upplýsingar um elstu leikskólabörnin.

Ástæður þess að svo margir leik- og grunnskólar hafa ekki markvisst samstarf að mati leikskólastjóra er umhugsunarefni. Velta má fyrir sér hvort ein af ástæðunum geti verið sú að tiltölulega stutt er síðan leikskólar urðu í þeim mæli sem nú er, „hverfisskólar“ og með félagslega blöndun nemenda. Fram að þeim tíma var skipting innan leikskólanna á þann veg að annars vegar var um að ræða hálfsgdagsskóla og hins vegar heilsgdagsskóla, sem ekki sinntu sömu þjóðfélagshópum. Þar af leiðandi gat einn leikskóli átt samskipti við marga grunnskóla víðsvegar um borgina.

Þá hefur það komið fram hjá leikskólakennurum að oft reynist erfiðara fyrir grunnskólakennara en leikskólakennara að skapa tíma fyrir samstarf þar sem það er ekki felld inn í stundarskrá grunnskóla. Má því ætla að það geti einnig verið ein skýring á því að samstarfið virðist svo oft byggja á upplýsingamiðlun sem snertir einstaka nemendur.

4. kafli

Námskrár og starfshættir í leikskólum nágrannalanda

Noregur

Leikskólar í Noregi eru að mörgu leyti svipaðar stofnanir og leikskólar hér á landi. Hugmyndafræðin er sú sama og saga þeirra er lík. Leikskólahefðin er þó eldri í Noregi og Svíþjóð með sterkar rætur í uppeldisfræði Fröbels. Þeir hafa þróast frá því að vera úrræði fyrir börn fátækra heimila til uppeldislegs tilboðs fyrir börn undir skólaskyldualdri. Að vísu er ekki eins almenn leikskólaganga barna í Noregi og á Íslandi. Leikskólar í Noregi falla undir ráðuneyti barna- og fjölskyldumála og eru ekki skilgreindir sem fyrsta skólastigið þar í landi. Um 40% allra leikskóla eru reknir af einkaaðilum eða félagasamtökum, hinir af sveitarfélögum (Alvestad og Pramling, 2000). Ekki er kveðið á um það í lögum frá hvaða aldri börn eigi rétt á leikskólavist, það er algjörlega í höndum sveitarfélaga að ákveða það. Í leikskólalögunum norsku stendur að leikskólinn skuli þjóna börnum undir skólaskyldualdri (Lov om barnehage, 1995). Þetta þýðir að hægt er að sækja um pláss fyrir öll börn yngri en 6 ára. Fæðingarorlof er eitt ár í Noregi og því fátútt að börn byrji yngri en eins árs í leikskóla.

Aðalnámskrá norskra leikskóla er frá árinu 1995 (Rammeplan for barnehagen, 1995). Að mörgu leyti svipar námskránni til Aðalnámskrár leikskóla á Íslandi. Hugmyndafræðin er sú sama og starfshættir og uppbygging með líkum hætti. Náms sviðin eru í meginatriðum þau sömu: Samfélag, trú og siðfræði, tónlist, dans, myndið, leikræn tjáning, mál, texti og samskipti, náttúra, umhverfi og tækni, hreyfing og heilbrigði. Eins og sjá má á þessari upptalningu er það eingöngu tæknin sem ekki er minnst á í íslensku Aðalnámskránni. Þá er meiri umfjöllun um þátt kristinnar trúar í uppeldi leikskólabarna og umfjöllun um mismunandi trúarbrögð og menningu.

Líkt og í íslensku Aðalnámskránni er lögð áhersla á leikinn sem námsleið leikskólabarnsins, en eitt mikilvægasta hlutverk leikskólans er að stuðla að því að búa börnum góð skilyrði til að athafna sig í leik. Lögð er áhersla á samspil ólíkra námsþátta.

Í aðalnámskránni norsku eru svipaðar áherslur og í þeirri íslensku um samfellu milli leik- og grunnskóla. Lögð er áhersla á að kennarar beggja skólastiga kynni sér ólíkar kennslu- og uppeldisaðferðir sem viðhafðar eru í skólunum, þar sem menntun þeirra og bakgrunnur er ólíkur. Kveðið er á um gagnkvæmar heimsóknir og fundi líkt og í aðalnámskrám hér á landi.

Í Noregi gekk ný námskrá í gildi fyrir allt grunnskólastigið árið 1997. Með henni urðu sex ára börn skólaskyld og leikskólakennarar fengu réttindi til að kenna í sex ára bekkjum. Margra ára undirbúningur lá að baki nýrri námskrá og flutningi sex ára barnanna í grunnskólann. Þegar sex ára börnin urðu að grunnskólanemendum gafst leikskólakennurum færi á að bæta við nám sitt og geta nú kennt yngstu börnum grunnskólans. Í sex ára bekkjum árin 1997-1998 voru um 43% kennara grunnskólakennarar, 51% leikskólakennarar og 6% án viðurkenndra kennararéttinda.

Mikil vinna var lögð í undirbúninginn og mjög vel fylgst með breytingunum og fjöldi rannsókna gerðar um allan Noreg. Í tíu ár áður en breytingar urðu fór fram umfangsmikið þróunar- og breytingarstarf í grunnskólum og leikskólum. Á árunum 1986-1990 var gerð tilraun sem kölluð var „Tilraun með leiðir í uppeldi 6 ára barna“ í meira en 40 bæjarfélögum og var markmið tilraunarinnar var að prófa mismunandi aðferðir. Fyrsta aðferðin var leikskóladvöl, önnur var skólavist og sú þriðja var samvinna leikskóla og skóla. Ekki reyndist unnt að bera saman tilraunirnar, en ákveðnir þættir voru metnir. Heildarmat var gert á innihaldi mismunandi tilboða og komu út margar skýrslur um það efni. Þetta reyndist verða grundvöllur að undirbúningi breytinga á námskrá.

Frá árunum 1990-1997 fóru margir skólar inn í annað stig undirbúningsins, það sem hér er kallað aðlögunartímabil (innförfingsfasen). Leikskólar og grunnskólar unnu að sameiginlegum verkefnum og heildagsskólum var fjölgað. Til viðbótar voru einkunnarorðin „*það besta frá leikskóla og skóla*“ kynnt sem lýsing á því innihaldi sem bjóða ætti yngstu börnunum þegar þau kæmu í grunnskólann. Einnig fóru fram umræður og málþing um nýja námskrá á þessu tímabili og þá var heildagsskólinn metinn árið 1995 sem liður í undirbúningi þess sem koma skyldi. Samvinnu var komið á við háskóla sem menntaði kennara og viðbótarnámi fyrir leikskólakennara var komið á við Högskolen i Osló.

Haustið 1996 sendi kirkju-, mennta- og rannsóknarráðuneytið síðan frá sér námskrá fyrir tíu ára grunnskólanám (L.97). Nýja námskráin samanstendur af þremur hlutum:

1. Námskrá fyrir grunnskóla-, framhalds- og fullorðinsfræðslu. Almennur hluti.
2. Grundvallaratriði og leiðbeinandi línur fyrir kennslu í grunnskólum.
3. Námskrá fyrir faggreinar.

Eftir að breytingarnar gengu í garð var starfið metið í ýmsum sveitarfélögum. Í Osló var gerð rannsókn að frumkvæði fræðslustjóraembættisins þar sem spurt var eftirfarandi spurningar: Hvernig hefur skólinn mætt sex ára börnum sem nemendum og innan heildagsskólans? Rannsóknin var tvíþætt. Annars vegar mat á undirbúningsvinnunni sem leiddi til þess að ný námskrá varð að veruleika 1. ágúst 1997. Hins vegar var um að ræða mat á vinnu skólanna við að koma námskránni í gagnið.

Rannsókninni er ætlað að veita upplýsingar um hvernig ólíkur undirbúningur hefur áhrif á inntak og gæði skólastarfsins. Tilgangurinn var annars vegar að kortleggja stöðu mála og hins vegar að afla þekkingar á hvort sá undirbúningur sem staðið var að hafi haft áhrif.

Þrjú aðalþemu tengjast rannsókninni:

1. Ósk um þekkingu á hvernig staðið var að skipulagningu af hálfu fræðsluskrifstofu og á því sem fylgdi í kjölfarið.
2. Að öðlast þekkingu á hvað sex ára börnin gera í skólanum, hvað þeim er boðið upp á og hvernig kennslan er skipulögð.
3. Að afla þekkingar á hvernig kennarar skilja áhersluatriði í námskrá, hvernig samstarf leikskólakennara og grunnskólakennara reynist og hvernig vinnudegi kennara er háttað.

Spurningakönnun var lögð fyrir kennara 1. og 8. bekkjar til þess að meta fyrsta árið eftir breytingar. Vettvangsathuganir voru gerðar í 1. bekk í fimm skólum. Niðurstöður úr spurningakönnuninni gáfu til kynna að leikskólakennarar og grunnskólakennarar höfðu ólíka sýn á börn, nám og kennslu. Það bendir til þess að lítið hafi breyst frá fyrri rannsóknum um sama efni.

Í niðurstöðum vettvangsathugana kom fram að kennarar í Osló eru komnir vel á veg með að innleiða breytingar námskrárinnar. Námskráin kveður á um að innihaldið í 1. bekk eigi að byggja á hefðum leikskóla og grunnskóla.

Í ljós kom að skólastofurnar eru innréttaðar á annan hátt en venjulegar skólastofur og líkjast meira því sem venja er í leikskólanum, en þó kom fram munur á aðstöðu í skólunum. Tveir skólanna skáru sig sérstaklega úr og voru líkir á ákveðnum sviðum. Í báðum skólunum voru stórir bekkir með 24-27 börnum. Bekkirnir voru með tvo kennara sem báðir voru bekkjarstjórnendur í öllum tímum. Í þessum bekkjum var

mest um frjálsan leik og leikur notaður sem kennsluaðferð. Það sem einkenndi skipulagið í þessum bekkjum var einkum þrennt: stöðugleiki kennara, samkensla tveggja kennara og hæfni kennaranna. Jafnræðið milli kennaranna gerði það að verkum að önnur skólahefðin varð ekki meira ríkjandi en hin í vali kennsluefnis og skipulags. Það voru helst leikskólakennari og almennur kennari saman sem fengu fram jafnvægi milli frjálsra verkefna, þema og útbúnaðar sem námskráin kveður á um (Germeten, 1998).

Svíþjóð

Leikskólinn í Svíþjóð fellur undir menntamálaráðuneytið, en er ekki skilgreindur sem fyrsta skólastigið þar í landi. Skólaskylda hefst ekki fyrr en við 7 ára aldur. Sænsk lög kveða á um að sveitarfélögum beri að útvega börnum sem eiga útivinnandi foreldra eða foreldra í námi leikskólaláss. Árið 1997 voru 72 % barna á aldrinum eins til fimm ára í leikskóla. Flestir leikskólar í Svíþjóð eru reknir af sveitarfélögum eða um 90 % þeirra.

Margt er líkt með sænskum leikskólum og leikskólum í Noregi og hér á landi varðandi skipulag starfsins (Alvestad og Pramling, 2000). Aðalnámskrá sænskra leikskóla er frá árinu 1998 (Laroplan för förskolan, 1998). Hún er frábrugðin þeirri norsku að því leyti að hún er ekki eins ítarleg, en innihaldið er um margt líkt. Ólíkt norsku og íslensku námskránum er ekki fjallað sérstaklega um námssvið leikskólans. Í fyrsta kafla er fjallað um hlutverk og ábyrgð leikskólans og fléttað saman því sem í íslensku námskránni nefnist markmið leikskólastarfs og námssvið leikskóla. Í 2. kafla, sem nefnist markmið og leiðir, er markmiðum og leiðum skipt í fimm undirflokkar: reglur og gildi, þroska og menntun, lífsleikni, leikskólann og heimilin og samstarf leikskóla, grunnskóla og skóladagheimila. Ekki kemur fram mikil áhersla á leikinn í námskránni né ráð fyrir því gert að hver leikskóli geri skólanámskrá. Lítið er komið inn á mat á starfi leikskóla eða þróunarstarf.

Nám leikskólakennara í Svíþjóð hefur verið þriggja ára háskólanám, en viðamiklar breytingar standa fyrir dyrum. Til stendur að lengja námið og verður það 120 eininga nám. Ákveðinn grunn taka allir kennaranemar saman, síðan velja þeir sérsvið. Í Svíþjóð hafa 60 % starfsmanna leikskóla leikskólakennarapróf.

Danmörk

Skólaskylda í Danmörku er frá 7 ára aldri. Leikskólar í Danmörku heyra undir félagsmálaráðuneytið. Danir hafa allt frá árinu 1964 lagt mikla áherslu á að öll börn eigi rétt á heildagsdvöl. Yfirvöld stefndu að því að árið 1996 ættu öll börn frá 12 mánaða aldri rétt á leikskóladvöl. Ekki hefur tekist að ná þessu markmiði og biðlistar eru langir, að vísu er þetta misjafnt eftir sveitarfélögum. Frá 6 mánaða til tveggja ára eru börnin á vöggustofu sem opnar eru í 10 til 12 tíma á dag, en aðeins 11,6 % barna á þessum aldri eiga þess kost. Síðan tekur við leikskóli frá þriggja til fimm ára sem um 50 % barna sækja. Danir hafa lagt áherslu á uppbyggingu daggæslu í heimahúsum fyrir yngstu börnin (Oberhuemer og Ulich, 1997).

Þó skólaskylda hefjist ekki fyrr en um 7 ára aldur sækja nær öll 6 ára börn svokallaða „börnehaveklasse“ sem starfræktir eru innan grunnskólans. Yfirleitt eru það leikskólakennarar sem annast kennsluna.

Leikskólar og aðrar stofnanir fyrir börn eru yfirleitt reknir af sveitarfélögum, en upp á síðkastið hefur færst í vöxt að einkaaðilar hafa yfirtekið reksturinn eftir útboð sveitarfélaga. Algengt er að foreldrar og starfsmenn annist rekstur leikskóla og eða eru virkir þátttakendur við stjórnun stofnana.

Engin aðalnámskrá er til fyrir leikskóla, enda ekki litið á hann sem skólastofnun. Í einstaka sveitarfélagi gera leikskólar sínar námskrár. Sveitarfélög setja ákveðnar starfsreglur fyrir leikskólana í samstafi við leikskólastjóra þeirra og fulltrúa foreldra. Foreldrar eiga lagalegan rétt á að koma að stjórn leikskólanna með setu í foreldraráðum.

Í dönskum leikskólum er megináhersla lögð á frjálsan leik barnanna og samskipti og félagsfærni.

Menntun leikskólakennara (börnehavepædagog) tekur þrjú og hálf ár og er á háskólastigi. Frá 1992 var menntun leikskólakennara, þroskaþjálfar (socialpædagog) og tómstundafulltrúa (fritidspædagog) sameinuð í eina. „Pædagogar“ eiga rétt á að starfa með börnum, þroskaheftum og öldruðum á ýmsum stofnunum frá vöggu til grafar (Oberhuemer og Ulich, 1997).

Finnland

Í Finnlandi er skólaskylda frá 7 ára aldri. Fimm úrræði (leikskóli – dagvist) eru í boði fyrir börn á aldrinum 0 – 7 ára:

- Leikskóli, sem er fyrir börn á aldrinum 0 – 7 ára. Leikskólar þar eru opnir í að minnsta kosti 10 klst. á dag og allt að 24 klst. á sólarhring fyrir foreldra sem vinna vaktavinnu.
- Opin fjölskyldumiðstöð fyrir dagvistun, sem er ætluð heimavinnandi foreldrum og dagmæðrum (open-door centers).
- Leikskólabíll (mobile kindergartens). Hann er aðallega fyrir börn á aldrinum 5 – 7 ára og ferðast um, aðallega þar sem strjálbýlt er.
- Leikhópar (playgroups) eru reknir af lútersku kirkjunni. Þeir eru opnir 3 – 4 morgna í viku 2 – 3 klst. í senn.
- Dagmæður starfa á vegum sveitarfélaganna. Þær annast börn frá 0 – 7 ára og er dvalartími barna hjá þeim eftir samkomulagi.

Þrjár fyrstnefndu leiðirnar heyra undir félags- og heilbrigðisráðuneyti og eru reknar af sveitarfélögum.

Hugmyndafræði leikskóla í Finnlandi á rætur sínar að rekja til uppeldisfræði Fröbels. Aðeins örfáar einkareknar stofnanir leita í önnur fræði, s.s. Montessori og Steiner.

Opinber tungumál Finnlands eru finnska og sænska. Sænsk börn eiga rétt á fræðslu á sínu móðurmáli og sveitarfélögum ber skylda til að skipuleggja kennslu á viðkomandi tungumáli, hvort sem það er sænska, finnska eða tungumál Sama.

Leikskólakennaranám er 3ja ára háskólanám. Mikið er sótt í það nám og aðeins einn af hverjum 4-5 umsækjendum fær inngöngu.

Námskrá leikskóla í Finnlandi hefur ekki litið dagsins ljós. Hinsvegar eru komin út drög að námskrá. Áhersla þar er á leikinn sem námsleið barnsins. Litið er á barnið í heild og lögð áhersla á að koma til móts við mismunandi þarfir hvers og eins. Þá er lögð áhersla á að vinna með þematengd verkefni og að í leikskólanum sé gætt að því að barnið búi við fjölbreytta möguleika til þroska og náms. Námsþættir eru nefndir: Mál, textagerð, stærðfræði, frásögn, söngur, hreyfing og heilbrigði, samtöl, lífsleikni, náttúra og umhverfi, listir og menning.

Uppeldisumhverfi leikskólans skal taka mið af líkamlegri, félagslegri, vitsmunalegri og tilfinningalegri þörf barnsins. Litið er á virkni barnsins og að nám þess byggji á markvissri vinnu og að áframhaldandi lærdómur byggji á fyrra námi og

reynslu barnsins. Þannig er gert ráð fyrir að byggja stöðugt ofan á það nám sem barnið hefur þegar tileinkað sér. Gert er ráð fyrir að skólanámskrár verði unnar á hverjum stað út frá þessum grunni, þar sem ýmsir þættir verða betur útfærðir, s.s. samvinna við grunnskólann.

Leikskólinn í Finnlandi er nú félagslegt úrræði en miklar breytingar standa yfir og eru aðaláherslur leikskólastarfsins nú á leikinn sem námsleið og barnhverf hugmyndafræði. Þar er virkni barnsins og umhverfi stöðugs náms í forgrunni (Oberhumer og Ulich, 1997).

Frakkland

Skólaskylda í Frakklandi er frá 6 ára aldri en öll börn fara í leikskóla við 3ja ára aldur (99,5%) og í sumum sveitarfélögum við 2ja ára aldur (35%). Það er stefna franskra stjórnvalda öll tveggja ára börn eigi kost á leikskóladvöl. Börn sem búa við félagslega erfiðar aðstæður hafa forgang svo og börn innflytjenda. Háværar kröfur eru frá samtökum foreldra um að öll börn fái leikskólavist tveggja ára. Hvergi annars staðar í löndum Evrópubandalagsins sækir jafn hátt hlutfall barna leikskóla.

Leikskólinn í Frakklandi á sér langa hefð eða allt frá árinu 1825. Menntamálaráðuneytið hefur farið með yfirstjórn leikskóla frá árinu 1881. Til marks um stöðu leikskóla í Frakklandi er að menntun og staða kennara í leikskólum hefur verið sú sama og kennara í grunnskólum með lögum frá 1921 og er litið á leikskólann sem menntunartilboð og er hann foreldrum að kostnaðarlausu. Réttur barns á leikskólaplássi er tryggður í lögum. Leikskólar heyra undir menntamálaráðuneyti en önnur þjónusta fyrir börn yngri en þriggja ára er á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nær allir leikskólar eru reknir af hinu opinbera. Laun kennara eru greidd úr ríkissjóði en byggingakostnaður, rekstur og laun annarra starfsmanna skólanna er greiddur af sveitarfélögum. Í einkaleikskólum, sem flestir eru reknir af kaþólsku kirkjunni fá kennarar sömu laun og í opinberu skólunum.

Leikskólar eru yfirleitt opnir frá kl. 8:20 til kl. 16:30 og skólarnir starfa oft ekki á miðvikudögum en þá er kennt fyrir hádegi á laugardögum. Leikskólinn fylgir fríum annarra skólastiga og lokar í eina viku á haustin, í jólafríi, vetrarfríi í febrúar, vorfríi í mars og í tvo mánuði að sumri. Ljóst er af framansögðu að franskir leikskólar

koma ekki til móts við útivinnandi foreldra, sbr. miðvikudagsfrí. Þetta er athyglisvert skoðað í ljósi þess að 59% mæðra barna yngri en 10 ára starfa utan heimilis (Oberhuemer og Ulich, 1997).

Í frönskum leikskólum miðar allt starf að því að undirbúa börnin undir grunnskólanám. Í námskrá leikskóla, sem gildi til 1992, voru ákvæði um mikilvægi leiks og skapandi starfs, en með nýrri námskrá frá sama ári var ákvæðum um leik og skapandi starf kippt út. Börnum gefast fá tækifæri til að leika sér í frjálsum leik. Útivist er 15 mínútna frímínútur í nokkur skipti yfir daginn, oft á tíðum á litlum malbikuðum skólalóðum. Börnin fara ekki út ef kalt er og ekki þegar rignir.

Leikskólar starfa í nánnum tengslum við grunnskóla eða eru hluti grunnskólans. Í minni bæjarfélögum er algengt að leik- og grunnskóli deili með sér húsnæði eða séu á sömu lóð. Afleysingakennarar eru ráðnir við bæði skólastigin, sami kennarinn getur kennt á báðum skólastigum sama daginn.

Í námskránni fyrir leikskóla er félagsfærni sett á oddinn og undirbúningur fyrir formlegt nám. Námskráin leggur áherslu á líkamsþjálfun, samskipti, listgreinar, móðurmál, vísindi og tækni. Einnig er lögð áhersla á að börn læri skipulögð vinnubrögð, stundaskrá er stíf og deginum skipt upp í kennslustundir. Börnin læra að reikna, lesa og skrifa. Ekki eru gerðar kröfur um að ákveðinni færni sé náð áður en komið er í grunnskólann.

Börnin eru frá 20 - 30 (27,4 árið 1994) í hverjum bekk með einn kennara sem hefur aðstoðarmann (ófaglærðan) sem oftast er í hlutastarfi. Börn með sérþarfir eru í sérskólum eða á öðrum stofnunum. Samtök kennara og foreldra hafa í mörg ár barist fyrir fækkun barna í bekkjardeildum án árangurs. Fyrir og eftir leikskólatímamann er boðið upp á gæslu sem ófaglærðir sinna. Í hádegishléi eiga kennarar frí og ófaglærðir sjá um börnin (oft á tíðum háskólanemar). Foreldrar greiða eingöngu fyrir mat og gæslu ef á þarf að halda og eru greiðslurnar tekjutengdar (Björg Bjarnadóttir og Þröstur Brynjarsson, 2001).

Nám kennara er það sama hvort sem viðkomandi kennir í leikskóla eða grunnskóla. Til þess að fá inngöngu í kennaraháskóla þurfa umsækjendur að hafa lokið þriggja ára háskólanámi í einhverri háskólagrein. Kennaranámið er síðan tveggja ára nám. Með auknum kröfum foreldra um leikskóladvöl tveggja ára barna hefur verið mikil umræða um menntun kennara og það gagnrýnt að þeir hafi ekki menntun til að sinna ungum börnum. Í frönskum leikskólum er leikurinn afgangsstærð, það er ekki gefinn mikill tími til að leika sér. Leikskólinn tekur mið af hefð og menningu

grunnskólans og byggir á sömu uppeldis- og kennslufræðilegu hugmyndum (Oberhuemer og Ulich, 1997; Comiti, 1999).

Skotland

Skólaskylda í Skotlandi hefst við 5 ára aldur. Þjónusta við börn undir skólaskyldualdri fellur undir þrjú ráðuneyti: menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Í Skotlandi er eins og annars staðar á Bretlandi löng hefð fyrir menntun yngri barna og er gerður greinarmunur á menntun (education) og umönnun (care). Í Skotlandi er um að ræða margskonar þjónustu við börn undir skólaskyldu sem er mjög mismunandi að gæðum. Sum börn fara á dagheimili (daycare-center) sem er oft á tíðum heildagsvistun, önnur í svokallaða „playgroups“ sem er þjónusta sem veitt er nokkra daga í viku í þrjá tíma í senn. Þessar stofnanir eru yfirleitt reknar af einkaaðilum, fyrirtækjum eða félögum, stundum með styrk frá opinberum aðilum.

Stefna stjórnvalda er að bjóða öllum börnum menntun í leikskóla (pre-school) frá þriggja ára aldri. Dvalartími er frá tveimur og hálfum tíma á dag, tvo til fimm daga vikunnar. Dvalartími og framboð á leikskólaplássum er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Skólarnir eru foreldrum að kostnaðarlausu en fyrir umfram tíma þarf að greiða sérstaklega. Algengt er að börn dvelji á tveimur til þremur stöðum yfir daginn ef foreldrar eru báðir í vinnu.

Aðalnámskrá leikskóla í Skotlandi er frá 1997 og er ekki ósvipuð þeirri íslensku. Þar er lögð áhersla á tilfinningaþroska, sjálfsvitund og félagsþroska, lífsleikni, samskipti og mál, sköpun og fagurfræði og hreyfiþroska.

Nám kennara í leik- og grunnskólum er fjögurra ára háskólanám sem lýkur með B.ed.- gráðu. Einnig er til tveggja ára menntun sem nefnist „nursery nurse“ fyrir þá sem starfa á hinum ýmsu stofnunum eða sjá um barnagæslu í heimahúsum (Curriculum framework for children 3 to 5, 1999).

Bandaríkin

Í Bandaríkjunum er mjög fjölbreytt fyrirkomulag á menntun yngstu barnanna. Ríkisstjórnin og fylkisstjórnir hafa ekki afskipti af leikskóla- og dagheimilismálum nema að takmörkuðu leyti. Ríkið hefur sett á fót sérstakar áætlanir fyrir börn frá fátækum heimilum og er þekktast þeirra „Head Start“ sem hrundið var af stað árið 1964. Leikskólar eru reknir af ýmsum aðilum, t.d. kirkjum, fyrirtækjum og háskólum og eru mjög margbreytilegir um innra starf og gæði.

Engin samræmd námskrá er í gildi fyrir yngstu aldurshópana. Hins vegar hafa samtökin National Association for the Education of Young Children (NAEYC), sem eru samtök áhugafólks og fagfólks um menntun yngstu barnanna, gefið út leiðbeiningar um menntun og uppeldi barna frá fæðingu til 8 ára aldurs. Leiðbeiningarnar voru fyrst gefnar út árið 1987 og endurskoðaðar árið 1997. Þær leggja áherslu á að kennarar byggi starfið með börnunum á nýjustu þekkingu og rannsóknnum á þroska og námi barna á þessum aldri. – Á því sem þeir vita um styrk, áhuga og þarfir einstakra barna í hópnum og á þekkingu á félagslegu- og menningarlegu umhverfi barnanna í hópnum. Lögð er áhersla á samþætt nám og vinnu með alla þroskaþætti barnsins, svo sem hreyfiproska, málþroska, vitsmunaproska og félags- og tilfinningaproska.

Menntun starfsfólks leikskóla í Bandaríkjunum er af mörgum toga. Leikskólakennaramenntunin er 4 ára háskólamenntun, en einnig er víða boðið upp á tveggja ára námsbrautir á háskólastigi.

Skólaskylda hefst í Bandaríkjunum við 6 ára aldur, en hins vegar sækja langflest 5 ára börn „kindergarten“ (98% árið 1995). „Kindergarten“ er í flestum tilfellum innan grunnskólanna og geta verið hálfan eða allan daginn. Markmiðið með „kindergarten“ var í upphafi að undirbúa börnin fyrir grunnskólagönguna, en á síðustu árum hefur þróunin orðið sú að námsefni 1. bekkjar hefur í auknum mæli verið notað í „kindergarten“ og þeir orðið formlegri og akademískari.

Í Bandaríkjunum hafa áhrif mismunandi leikskólaáætlana á börn töluvert verið rannsökuð. Komið hefur í ljós að leikskólastarf, sem tekur mið af barnhverfri hugmyndafræði, er í flestum tilfellum árangursríkara þegar til lengri tíma er litið, en leikskólastarf sem er kennarastýrt og námsgreinamiðað. Barnhverft leikskólastarf leggur áherslu á samþætt nám og tekur mið af því sem börnin vita og eru fær um að gera. Þá er lögð er áhersla á :

- að veita börnum margþætta reynslu.
- að hvetja börnin til að velja og skipuleggja vinnu sína.
- að hvetja börnin til að taka þátt í virku námi með því að setja upp vandamál og spyrja spurninga sem örva og hvetja til náms.
- að leiðbeina börnum með nauðsynlega færniþætti.
- að hvetja börnin til að ígrunda og ræða um námsreynslu sína (Marcon, 1999).

Rannsóknir hafa leitt í ljós að það eru einkum foreldrar, en ekki fagfólk, sem leggja áherslu á akademískt nám ungra barna (Hyson, 1991). Greinilegt er að margir foreldrar telja það vera börnum sínum fyrir bestu að stunda námsgreinar sem fyrst. Fagfólk er yfirleitt á annarri skoðun og er stefna NAEYC t.d. í algjörrri andstöðu við akademískar áherslur, þar sem megináherslan er lögð á að miða námið við þroska barna og áhuga.

Niðurstöður rannsóknar á 62 leikskóladeildum í 52 bandarískum leikskólum benda til að börn í leikskólum sem aðhyllast námsgreinamiðaða hugmyndafræði, sýni nokkra yfirburði í þekkingu á bókstöfum. Hins vegar kom í ljós að þau eru oftast óörugg, eru háðari fullorðnum um leyfi og viðurkenningu og hafa meiri áhyggjur af skólagöngunni en börn í barnhverfum leikskólum (Marcon, 1999).

Í annarri rannsókn var fylgst með 90 fjögurra og fimm ára börnum til að meta áhrif leikskóladvalar þeirra. Rannsóknarniðurstöður benda til þess að akademískar áherslur í leikskólum hafi ekki varanlegan ávinning í för með sér þegar til lengri tíma er litið. Í ljós kom að börn sem fengu akademíska þjálfun í leikskólum virtust vera síður skapandi, kvíðnari, í lélegra tilfinningalegu jafnvægi og neikvæðari gagnvart skólagöngunni en jafnaldrar í öðrum leikskólum (Hirsh-Pasek, 1991).

Rannsókn á 227 fjögurra til sex ára börnum sýnir sambærilegar niðurstöður. Börn í námsgreinamiðuðum leikskólum höfðu meiri þekkingu og færni á bókstöfunum og í ritmálinu, en ekki á tölum og tölustöfum. Hins vegar voru þessi börn háðari fullorðnum, höfðu lélegra sjálfsmat og höfðu meiri áhyggjur af skólagöngunni (Stipek, Feiler, Daniels og Milburn, 1995).

Aðrar rannsóknir á mismunandi leikskólaáætlunum sýna svipaðar niðurstöður. Kennaramiðuð færniþjálfun virðist ekki skila sér til lengri tíma horft. Hins vegar er hætt á að aðrir mikilvægir þættir verði útundan svo sem tilfinninga- og félagsþroski og hætt á álagi og kvíða í skólagöngunni.

Niðurstöður

Samantekt

Hér að framan hefur verið farið yfir íslensk lög og aðalnámskrár leik- og grunnskóla í þeim tilgangi að skoða hvaða áherslur eru lagðar um samstarf skólastiganna. Kemur þar skýrt fram að skólarnir skuli vinna saman og kennarar eiga að þekkja hugmyndafræði og vinnubrögð beggja skólastiga. Það sama er að segja um stefnur kennarafélaganna hvað þetta varðar.

Markmiðið með því að skoða þróunarverkefni sem unnin hafa verið í leikskólum var að leita eftir einkennum verkefnanna; hvort þau væru viðbót við starfið sem fyrir er, tengsl þeirra við námssvið leikskólans og náms- og starfssvið grunnskóla. Fram kemur að verkefnin eru viðbót við daglegt starf í leikskólunum, að því leyti að unnið er á markvissari hátt með ákveðin viðfangsefni og námssvið, hvað varðar undirbúning, eftirfylgd og mat. Þá kemur það fram að verkefnin gefa til kynna ríka hefð, reynslu og þekkingu í leikskólastarfi sem byggir á fræðilegum grunni og barnhverfri hugmyndafræði. Í niðurstöðum kemur einnig fram að verkefni sem unnin eru með elstu börnunum eiga sinn þátt í að stuðla að samfelli skólastiganna og eru grunnur fyrir áframhaldandi skólagöngu.

Spurningakönnun meðal leikskólastjóra leiddi í ljós að nær allir leikskólarnir skipulögðu sérstök verkefni fyrir elstu börnin og í flestum tilfellum var markmiðið að búa börnin undir áframhaldandi skólagöngu. Þar kom einnig fram áhersla leikskólastigsins á að mæta börnum á þeirra forsendum. Í könnuninni staðfestist einnig það sem fram kom í þróunarverkefnunum að áhersluþættir starfsins með elstu börnunum uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til leikskóla samkvæmt Aðalnámskrá.

Skoðaðar voru námskrár og starfshættir í leikskólum nokkurra nágrannalanda. Fram kom að í flestum löndunum var unnið samkvæmt sameiginlegum námskrám. Undantekning frá þessu eru Bandaríkin, þar sem mjög fjölbreytt fyrirkomulag er á leikskólamálum og Danmörk sem enn hefur ekki unnið námskrá fyrir leikskólana. Misjafnt er eftir löndum hvort einkaaðilar eða sveitarfélög reka leikskólana, en á flestum stöðum er það hvoru tveggja. Menntun leikskólakennara í nágrannalöndunum er á flestum stöðum á háskólastigi. Í Frakklandi er ekki um sérstaka menntun fyrir

leikskólakennara að ræða, heldur er sama menntun fyrir alla kennara. Skólaskylda hefst við sex ára aldur í Noregi, Frakklandi, Bandaríkjunum og á Íslandi, við sjö ára aldur í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku, en í Skotlandi hefja börnin skyldunám fimm ára.

Af reynslu nágrannaþjóðanna má ýmislegt læra. Einkum má benda á hvernig staðið hefur verið að breytingum á leikskólastarfi og tengslum skólastiganna í Noregi. Þar fluttust 6 ára börnin nýverið yfir í grunnskólana eftir mikla undirbúningsvinnu sem tók u.þ.b. 10 ár. Unnin voru þróunarverkefni og gerðar rannsóknir til að tryggja að sem best yrði staðið að málum. Lögð var áhersla á að í yngstu bekkjum grunnskólans væri tekið mið af því besta frá leikskólanum og grunnskólanum. Frá Bandaríkjunum er athyglisverðast að skoða rannsóknir sem hafa verið gerðar á mismunandi leikskólanámskrám. Meginniðurstöður þeirra rannsókna benda til þess að leikskólar, sem leggja áherslu á félags- og tilfinningaþroska barnanna og samskiptahæfni, hafi nokkra yfirburði þegar til lengri tíma er litið. - Yfirburði yfir þá sem aðhyllast námsgreinamiðaða færniþjálfun.

Tillögur og ábendingar

1) Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi lífsleikni og samskipta í leikskólum.

Niðurstöður starfshópsins, eftir að hafa gert úttekt á því starfi sem unnið er í leikskólum höfuðborgarinnar, eru að þar sé mikil gróska og fjölbreytni sem sést m.a. á þeim þróunarverkefnum sem hafa verið unnin. Leikskólarnir starfa í anda Aðalnámskrár leikskóla og unnið er með námssvið leikskólans eins og þar er lagt til. Jafnframt er ljóst að leikskólarnir leggja mikla áherslu á félags- og tilfinningaþroska barna og lífsleikni og þá einkum samvinnu og samkennd barnanna. Ekki voru starfshættir fyrstu bekkja grunnskólans skoðaðir til samanburðar, en ætla má að þar sé ekki í jafn ríkum mæli lögð áhersla á félags- og tilfinningaþroska barna. Starfshópurinn telur þá áherslu sem lögð er á lífsleikni og samskipti í leikskólanum vera mjög mikilvæga og í raun grundvöll áframhaldandi náms barnanna og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

2) Starfshópurinn leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám í leikskólum og vinnu í litlum hópum.

Spurningakönnunin leiðir í ljós að vinna afmarkaðra hópa barna að skilgreindum verkefnum er ekki stór þáttur í leikskólastarfinu. Víðast unnu elstu börnin saman í hóp einu sinni til tvisvar í viku. Jafnframt var algengast að hópastarfið varaði hálfa til eina klukkustund í senn og tíðasta hópastærðin var fimm til átta börn. Ljóst er að þetta fyrirkomulag er nokkuð frábrugðið því sem gerist í grunnskólanum þar sem börnin eru oft 20 saman í hóp mestallan skóladaginn. Starfshópurinn getur þó ekki mælt með því að sá háttur verði hafður á í leikskólum. Flestar rannsóknir benda til þess að gæði skólastarfs sé meðal annars háð hópastærðum og hversu margir fullorðnir annast börnin. Þannig eru litlir hópar eins og tíðkast í leikskólunum líklegri til árangurs. Hins vegar er hægt að mæla með því að hópastarf verði fastur þáttur í skóladegi elstu leikskólabarnanna og að stærð hópanna geti farið upp í 10-12 börn.

3) Leikskólanámið er hluti af samfelldu námsferli einstaklingsins.

Leikskólaaldurinn er mikilvægt tímabil í lífi barns. Það tímabil þarf að varðveita og nýta vel. Ekki eingöngu til að undirbúa barn fyrir komandi grunnskólagöngu heldur til að gefa börnunum tækifæri til að læra í samstarfi við önnur börn og fullorðna. Nám á sér stað í samvinnu við annað fólk og ein árangursríkasta námsleið ungra barna er leikur og nám með öðrum börnum með stuðningi, leiðsögn og hvatningu fullorðinna. Leikskólinn á að vera staður þar sem barn leikur og lærir hér og nú. Að tala um að barn eigi að vera tilbúið að læra þegar það hefur grunnskólanám felur í sér þá sýn að barn sé veikur einstaklingur sem þarfnist undirbúnings áður en hann getur farið að læra. Þess í stað skal líta á barnið sem hæft og sterkt, tilbúið að læra frá fæðingu.

4) Starfshópurinn leggur áherslu á að starfsemi leikskóla og starf leikskólakennara verði með markvissum hætti kynnt foreldrum og almenningi.

Aukin fræðsla um mikilvægi leikskólans í nútíma samfélagi er nauðsynleg. Kynna þarf foreldrum námskrá leikskólans og mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleið og áherslu leikskólans á lífsleikni og samskipti.

Foreldraviðtöl eru ein leið til að kynna foreldrum leikskólann. Viðvera foreldra í leikskólanum, heimsóknir og aðstoð getur einnig gefið foreldrum góða mynd af starfinu. Kynningarfundir, þar sem foreldrar ganga í gengum ákveðna þætti leikskólastarfsins, geta veitt foreldrum góða innsýn í leikskólastarfið og þann veruleika sem barn þeirra býr við. Með tilkomu tölvunnar skapaðist nýtt tækifæri til upplýsingamiðlunar. Tölvupóstur milli skóla og heimilis og upplýsingar um hvað gert hefur verið yfir daginn er nú raunhæfur möguleiki. Einnig mætti hugsa sér að á heimasíðu leikskólans væru skráðar upplýsingar og skilaboð varðandi einstök börn, sem foreldrar þeirra hefðu aðgang að. Auk kynningarbæklinga um leikskólann geta heimasíður leikskóla verið öflugt kynningarform fyrir þá sem hafa áhuga á leikskólamálum. Opið hús í leikskólum á skólatíma, þar sem foreldrar og almenningur geta komið og kynnt sér starfsemina, er einnig æskilegt.

Fjölmiðlar hafa lítið sinnt kynningu á leikskólastarfi og uppeldis- og skólamálum almennt. Hugsa mætti sér fasta þætti um skólamál í fjölmiðlum, rétt eins og fjallað er um fjármál og hlutabréfaviðskipti. Leikskólakennarar og aðrir sérfræðingar þurfa að sýna frumkvæði við að koma hugmyndum sínum og hugðarefnum á framfæri við fjölmiðlafólk.

Kynning á starfi leikskólanna er fyrsta skref í þá átt að gera okkur öll, foreldra, yfirvöld, börn og almenning í landinu samábyrg fyrir leikskólanum. Leikskólinn er ekki neyðarúrræði sem foreldrar verða að nota þegar þeir eru að vinna. Leikskólinn er mikilvæg og nauðsynleg viðbót við uppeldið á heimilinu. Í leikskólanum öðlast börnin reynslu og læra hluti sem þau eiga ekki kost á að nema heima hjá sér. Þetta er staðreynd sem nauðsyn er að vinna með og kynna.

5) Starfshópurinn leggur áherslu á að skólastigin tvö, leik- og grunnskóli, stuðli að því í sameiningu að barnið og foreldrar þess finni til öryggis þegar barnið flyst úr leikskóla í grunnskóla.

Til að vel takist til með aðlögun leikskólabarna að grunnskólanum þurfa skólayfirvöld beggja skólastiga að sýna frumkvæði og vilja í verki. Kennarar skólastiganna þurfa að sammælast um markmið og leiðir og foreldrar verða að vera vel upplýstir um skipulag og framkvæmd aðlögunar.

Heimsóknir elstu barna leikskólans í grunnskólann eru orðnar nokkuð algengar eins og fram kemur í niðurstöðum spurningakönnunarinnar. Markmið heimsóknanna er að kynna þeim grunnskólann í því augnamiði að styrkja þau og veita þeim öryggi. Börnin fara gjarnan með leikfélögum sem þau þekkja vel og eru hugsanlegir bekkjarfélagar í grunnskólanum. Eftir slíka heimsókn gefst tækifæri á að ræða heimsóknina í hópi félaga og við starfsfólk leikskólans.

Æskilegt fyrirkomulag á þessum heimsóknum er að hvert barn fari í a.m.k. þrjár heimsóknir að vori, t.d. í mars, apríl og maí. Fyrsta heimsóknin í mars gæti verið hópheimsókn, þar sem skólastjóri grunnskólans tekur á móti væntanlegum nemendum og leikskólakennurum þeirra, sýnir þeim grunnskólann og segir frá honum. Í annarri heimsókninni í apríl væri gott að börnin færu í litlum hópum með leikskólakennara inn í kennslustund sex ára bekkja. Þar sjá þau það sem sex ára börnin eru að gera og fá að taka þátt í því, fara út í frímínútur og borða nesti með grunnskólabörnunum. Þriðja og síðasta heimsóknin í maí er boðuð af grunnskólanum með bréfi til barnsins. Foreldrar koma með barninu og sækja það að heimsókn lokinni. Sú heimsókn er seint á skólaárinu. Þá er búið að raða í bekk og vitað hver kennir hvaða bekk. Börnin fá þá að sjá hverjir eru saman í bekk, sjá kennarann sem á að kenna þeim og hitta skólastjórann á nýjan leik.

6) Starfshópurinn leggur áherslu á að mat í leikskóla byggist á þeim markmiðum sem sett eru í Aðalnámskrá leikskóla.

Námskrá leikskólans byggir á barnhverfri hugmyndafræði sem felur í sér „barnið allt“, þ.e. líkamlegan, félagslegan, tilfinningalegan og vitsmunalegan þroska þess. Mat við leikskólalok barna er samofið þeim þáttum sem lögð hefur verið áhersla á í

námskrá leikskólans. Mat snýst í raun um að skoða hvernig þeim markmiðum, sem sett hafa verið með leikskóladvöl barns, hefur verið náð. Matið er ferli sem ætti að fela í sér mat á þroska, námsvenjum, færni, samskiptum og framkomu og beinast að sterku hliðum barnanna. Við matið ætti að nota aðferðir sem safna víðtækum upplýsingum um virkni barnsins og athafnir þann tíma sem það dvelur í leikskólanum.

Athuganir og skráning eru góð leið til þess að kynnast börnum, styrk þeirra og framförum. Safnað er upplýsingum án þess að truflun eða breytingar hafi átt sér stað á daglegu lífi eða á hegðun barnsins, sem gæti haft áhrif og dregið úr því að það geti sýnt hvað það getur. Ýmsar aðferðir eru til þess að athuga og skrá athafnir barna og varðveita vinnu þeirra. „Iðjuskráning“ (pedagogisk dokumentation) þar sem námsferlið og iðja barnana er skráð er athyglisverð leið. Ferilsmöppur (portfolio) þar sem vinna barns og athuganir sem gerðar hafa verið á leikskólatímanum eru varðveittar, gefa góða mynd af sterku hliðum barns og hvernig það þroskast og lærir. Ferilsmöppurnar gætu fylgt barninu í grunnskólann.

7) Starfshópurinn leggur til að komið verði á fót þróunarverkefnum sem sérstakalega beinast að elstu börnum leikskólans.

Mikilvægt er að unnin verði þróunarverkefni með elstu börnum leikskólans, þar sem megináhersla verður á námssvið leikskólans og lífsleikni. Hægt er að hugsa sér að sett verði upp 5 þróunarverkefni í jafnmörgum leikskólum. Hvert verkefni hefur sem áherslupátt eitt eða fleiri af námssviðum leikskólans. Hugsanleg áherslusvið eru: Mál- og ritmálsörvun, vísindi og tækni, náttúran og umhverfið, listgreinar og könnunarnám þar sem námssviðin fléttast saman. Lífsleikni, samskipti, samvinna og leikur yrði rauði þráður allra verkefnanna. Verkefnastjórar einstakra verkefna myndu sjá um skipulagningu og undirbúning þeirra í leikskólunum, fylgjast með framvindu þeirra, gera athuganir og meta þau og að lokum skila skýrslu um vinnuna. Jafnframt yrði einn aðili eða stýrihópur sem hefði yfirsýn yfir alla vinnuna, samræmdi mat og framkvæmd. Æskilegt væri að ná samvinnu við grunnskólakennara sem síðan myndu vinna áfram með verkefnin og fylgja þeim eftir í grunnskólanum.

8) Starfshópurinn leggur áherslu á að starfshættir og fyrirkomulag leikskóla og yngstu bekkja grunnskólans, verði rannsakað. Jafnframt þarf rannsókn á væntingum foreldra, barna og kennara til starfsins.

Á Íslandi hafa hingað til verið gerðar mjög fáar rannsóknir í leikskólum og er brýnt að bæta þar úr. Rannsóknir á ytri þáttum, svo sem hópastærð eru mikilvægar. Einnig rannsóknir á innra starfi, svo sem kennsluaðferðum og áhrifum mismunandi skólanámskráa. Til að átta sig á væntingum foreldra, barna og kennara verður að gera könnun eða kannanir meðal þeirra. Þá þyrfti að taka viðtöl við leikskólabörn sem eru að ljúka leikskólagöngu sinni og kanna hvað þeim finnst um leikskólann og við hverju þau búast í grunnskólanum. Gera verður úttekt á viðhorfum foreldra til þess hvað þeir telja mikilvægt að börn læri í leikskóla og 1. bekk grunnskóla. Einnig má kanna viðhorf og sannfæringu leikskólakennara og grunnskólakennara um nám og kennslu ungra barna.

9) Starfshópurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að yfirvöld skipuleggi nám yngstu barnanna í samhengi.

Samfella í skólagöngu barnsins er mjög mikilvæg og þess vegna þarf að líta á fyrstu skólaár barnsins í samhengi. Til þess að hægt sé að tala um samfellu í námi barna í leikskólum og grunnskólum þarf að vera ákveðið samhengi í hugmyndafræði, kennslufræði og skipulagi þessara skólastiga. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja samræmi í aðalnámskrám leik- og grunnskóla og samvinnu Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og Leikskóla Reykjavíkur.

Heimildir og stuðningsrit.

Aðalnámsskrá grunnskóla (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámsskrá leikskóla (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Alvestad, M. og Pramling Samuelsson, I. (2000). A Comparison of the National Preschool Curriculum in Norway and Sweden. ECRP, 1, 2.

Anna Margrét Ólafsdóttir (2000). Stærðfræði-leikur. Þróunarverkefni í Nóaborg. Reykjavík: Leikskólinn Nóaborg.

Berk, L. E. og Winsler, A. (1995). Scaffolding children's learning: Vygotsky and early childhood education. Washington D. C: National Association for the Education of Young Children.

Björg Bjarnadóttir og Þróstur Brynjarsson (2000). Skýrsla um kynnisferð Leikskóla Reykjavíkur og Félags íslenskra leikskólakennara til Parísar og Amsterdam.

Bredekamp, S. og Copple, C. (ritstj.) (1997). Developmentally appropriate practice in early childhood programs. Washington D.C: NAEYC.

Broström, S. (1999). En god skolestart. Fælles ansvar for fælles udvikling. Århus: Systime.

Brúum bilið. Rit um tengsl leikskóla og grunnskóla (1997). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Comiti, C. (ritstj.) (1999). Le guide de la rentrée. París: La Direction Générale de l'information et de la Communication de la Mairie de Paris.

Curriculum framework for children 3 to 5 (1999). Dundee: The Scottish Consultative Council on the Curriculum.

Dahlberg, G. og Taguchi, N.L. (1994). Förskola och skola – om två adskilda traditioner och om visionen som en möteplats. Stockholm: HLS Förlag.

Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (1999). Beyond quality in early childhood education and care. Postmodern perspectives. London: Falmer Press.

Frá orðum til athafna (1998). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Germeten, S. (1998). „På vei mot ny grunnskole i Oslo” HIO-skýrsla 1999 nr. 5. Oslo: Høgskolen i Oslo.

Grace, C. (1992). The portfolio and its use: Developmentally appropriate assessment of young children. ERIC Digest, EDO-PS-92-11.

Gronlund, G. (1998). Portfolios as an assessment tool: Is collection of work enough? Young Children, 3, 53.

Grunderna för forskoleundervisningens läroplan 2000 (2000). Helsingfors: Utbildningsstyrelsen.

Guðný Egilsdóttir (án árs). Verkefni elstu barnanna í Hlíðarborg: Skýrsla fóstura í Hlíðarborg 1990–1991. Reykjavík : Leikskólinn Hlíðarborg.

Gunnhildur Grímsdóttir, Jónína Fjeldsted, Ólafía Guðmundsdóttir, Selma B. Jónsdóttir og Sigurborg Kristjánsdóttir (1997). Samstarf leikskóla og grunnskóla. Þróunarverkefni með elstu börnum í leikskólanum Hlíðarbergi í tengslum við samstarf leikskólans við Setbergsskóla, 1995-1997. Hafnarfjörður.

Heila-Ylikallio, R. (ritstj.) (2000). Aspekter på skolestarten i Norden. Svíþjóð: Studentlitteratur.

Hirsh-Pasek, K. (1991). Pressure or challenge in preschool? How academic environments affect children. Í L. Rescorla, M.C. Hyson og K. Hirsh-Pasek (Ritstj.) Academic instruction in early childhood: Challenge or pressure? New Jersey: Jossey-Bass.

Hjördís Fenger (1997). Margmenningarlegur leikskóli. Reykjavík: Leikskólinn Árborg.

Hyson, M.C. (1991). The characteristics and origins of the academic preschool. Í L. Rescorla, M.C. Hyson og K. Hirsh-Pasek (ritstj.) Academic instruction in early childhood: Challenge or pressure? New Jersey: Jossey-Bass.

Ingibjörg Sigþórsdóttir og Sigurður Björnsson (1996). Heimspeki með börnum. Reykjavík: Höfundar.

Jóhanna Einarsdóttir (1995). Leikur og ritmál: Þróunarverkefni í leikskólanum Laugaborg og leikskólanum Stakkaborg. Reykjavík: Höfundur.

Jóhanna Einarsdóttir (1999). Tengsl leikskóla og grunnskóla. Ný menntamál, 3, 17, 36-40.

Jóhanna S. Guðjónsdóttir, Jónína Bjarnadóttir og Kristín Norðdahl (2000). Eðlisfræði í leikskóla. Fyrirlestur á Málþingi RKHÍ. Rannsóknir-nýbreytni-þróun.

Katz, L. G. og Chard. S. C. (1989). Engaging children's minds: The Project approach. New Jersey: Ablex.

Katz, L. og Chard, S. C. (1996). Contribution of documentation to the quality of early childhood education. ERIC Digest, , EDO-PS-96-2.

Kindergarten teachers perceive difficulty in transitions to school. Early Education Clearinghouse. Facts in Action (2001). <http://factsinaction.org/brief/brnov001.htm>. [Tekið af vefnum 13/9/2001].

Kolbrún Vigfúsdóttir og Lilja Eyþórsdóttir (2000). Leggjum orð í belg „seg mér að sunnan ég er nýkomin að norðan“: Þróunarverkefni unnið á árunum 1998-2000. Reykjavík.

Kristín H. Ólafsdóttir og Gyða Sigurjónsdóttir (2000). Tjáning, sköpun og umhverfi. Fyrirlestur á Málþingi RKHÍ. Rannsóknir-nýbreytni-þróun. Fyrirlestur á Málþingi RKHÍ. Rannsóknir-nýbreytni-þróun.

Låroplan för förskolan (1998). Oslo: Utbildningsdepartementet.

Laufey Einarsdóttir (1997). Með gleði í hjarta: Þróunarverkefni í hreyfingu í leikskólanum Vesturkoti. Hafnarfjörður: Leikskólinn Vesturkot.

Leikskólastefna Félags íslenskra leikskólakennara (2000). Reykjavík: Félag íslenskra leikskólakennara.

Lov om barnehage (1998). Noregur: Utbildningsdepartementet. <http://lovdata.no> [Tekið af vefnum 10/5/2001].

Lög um leikskóla, nr. 78/1994.

Margrét Sigurðardóttir og Sigrún Birgisdóttir (1998). Ritmálsörvun í leikskólum. Reykjavík: Höfundar.

Oberhuemer P. og Ulich M. (1997). Working with Young Children in Europe. London: Paul Chapman.

Ramey S. og Ramey (1994). The Transition to School. Why the first few years matter for a lifetime. Phi Delta Kappan, 76, 3.

Rammeplan for barnehagen: Q-0903 B. (1995). Noregur: Barne- og familiedepartementet.

Rannveig A. Jóhannsdóttir (1996). Þjálfun móðurmáls hjá elstu börnum í leikskóla og byrjendum í grunnskóla. Reykjavík: Mastersritgerð við KHÍ.

Rannveig A. Jóhannsdóttir (1999). Áfangaskýrsla um þróunarstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi árið 1998 – 1999. “Sameiginleg sýn tveggja skólastiga”. Reykjavík.

Sameroff A. og McDonough (1994). Educational Implications of Developmental Transitions. Revisiting the 5-7 Year Shift. Phi Delta Kappan, 76,3.

Samleikur í Seljahverfi (1994). Reykjavík: Leikskólarnir í Seljahverfi.

Selma Dóra Þorsteinsdóttir (1993). Leikurinn á vísdom veit. Reykjavík: Hálsaborg.

Sigríður Pálmadóttir (1990). Tónlistaruppeldi í leikskóla: Skýrsla um þróunarverkefni. Reykjavík: Fósturskóli Íslands.

Skólastefna Kennarasambands Íslands, 1997-2000 (1998). Reykjavík: Kennarasamband Íslands.

Skram, D. (ritstj.) (1995). Det beste fra barnehage og skole – en ny småskole pedagogikk. Oslo: TANO.

Steinunn Birna Bjarnadóttir (2000). Börn af erlendum uppruna og íslenskan: Þróunarverkefni unnið á leikskólanum Nóaborg. Reykjavík.

Stipek, D., Feiler, R., Daniels, D. og Milburn S. (1995). Effects of different instructional approaches of young children's achievement and motivation. Child Development, 66, 209-223.

Þróunarverkefnið leikur og leikuppeldi (1993). Reykjavík: Leikskólinn Mýri.

	Noregur	Svíþjóð	Danmörk	Finnland	Frakkland	Skotland	Bandaríkin	Ísland
Skólaskylda	6	7	7	56 7	6	5	6	6
Aldur leikskólabarna	1-6 ára	1-6 ára	6m. –2 ára á vöggustofu 2-6 í leiksk.	0-7 ára	2/3-6 ára	3-5 ára	2-6 ára	9m – 6 ára
Staðsetning í stjórnskipul.	Ráðuneyti barna og fjölskyldumála	Menntamála- ráðuneytið	Félagsmála ráðuneytið	Ráðuneyti félags- og heilbrigðis- mála	Menntamála- ráðuneytið	Menntamála- Félagsmála og Heilbrigðis- ráðuneyti	Head-Start undir heilbrigðisráðuneyti	Menntamála- ráðuneytið
Rekstaraðilar	*Sveitarfélög *Einkaaðilar	*Sveitarfélög Einkaaðilar	*Sveitarfélög Einkaaðilar	*Sveitarfélög Einkaaðilar	Menntamála- ráðuneytið	Sveitarfélög Einkaaðilar	*Einkaaðilar Ríkið-Head Start	*Sveitarfélög Einkaaðilar
Aðalnámskrá	X frá 1995	X frá 1998		Er í undirbúningi	X ný námskrá 1992	X frá 1997		X frá 1985
Áherslur starfsins	Leikur námssvið kristin trú	-Reglur-gildi -þroski menntun -Lífsleikni -Tengsl v/heimilin -Samstarf leik-og grunnskóla	Leikur, félagsfærni	Leikur Námssvið Þematengt efni	Félagsfærni Formlegt nám	Tilfinningaþ. Sjálfsvitund Félagsþr. Samskipti Sköpun Hreyfiþroski	Misjafnt	Leikur Lífsleikni Námssvið
Menntun leikskóla kennara	3 ára nám í Högskole	3 ára háskólanám stendur til að lengja í 4 ár	Nám í Pedagogisk Seminar 3 1/2 ár	3 ára háskólanám	Engin sérstök leikskólakennara- menntun. Sama nám og grunn- og framhaldsskólak.	4 ára háskólanám	4 ára háskólanám	3 ára háskólanám

